


PINGGER



2003

43. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið í Stykkishólmi 3.-4. maí 2003

LAUGARDAGUR 3. MAÍ

1. SETNING ÞINGSINS

Ólafur Rafnsson formaður KKÍ tók til máls og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna, og sagði þetta 43. ársþing KKÍ sett.

2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA

Ólafur Rafnsson stakk uppá Gretari D Pálssyni sem fyrsta þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi.

Gretar D Pálsson tók við stjórn þingsins. Hann þakkaði fyrir þann heiður sem honum hafi verið sýndur. Hann bað menn að segja til nafns þegar þeir kæmu í ræðustól.

Þingforseti tók fyrst fyrir kosningu þriggja manna í kjörbréfanefnd og sagði að stungið hefði verið uppá þeim Guðjóni Þorsteinssyni, Jóhanni Waage og Sigríði Ragnarsdóttur í kjörbréfanefnd og var það samþykkt með lófataki. Hann bað þingfulltrúa jafnframt um að koma kjörbréfum og umboðum til kjörbréfanefndar.

Hann tók því næst fyrir kosningu í kjörnefnd og stakk upp á þeim Ríkharði Hrafnkelssyni, Elínborgu Guðnadóttur og Gylfa Þorkelssyni og var það samþykkt með lófataki.

Hann tók því næst fyrir kosningu annars þingforseta og stakk uppá Ríkharði Hrafnkelssyni og var það samþykkt með lófaklappi.

Hann tók því næst fyrir kosningu þingritara og sagði að stungið hefði verið upp á þeim Birni Leóssyni sem 1. þingritara og Pétri Hrafn Sigurðssyni sem 2. þingritara og var það samþykkt með lófaklappi.

3. KOSNING FASTRA NEFNDA

Allsherjarnefnd:

Halldór Halldórsson, Hrannar Hólm og Gísli Páll Pálsson.

Fjárhagsnefnd:

Eyjólfur Guðlaugsson, Lárus Ingi Friðfinnsson og Jón Halldórsson.

Laga- og leikreglanefnd: (Hér eftir nefnd laganefnd).

Gísli Georgsson, Snorri Örn Arnaldsson og Bjarni G. Þórmundsson.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Ólafur Rafnsson kynnti skýrslu stjórnar, sem er að finna í ársskýrslu KKÍ. Ólafur sagði síðan:

Ágætu félagar,

Stjórn KKÍ hefur lagt fram skýrslu sína um þau verkefni sem unnið hefur verið að á því starfsári sem nú er að ljúka. Starfsárið hefur einkennst af þjóðfélagsbreytingum sem í auknum mæli þrengja að tilteknum sviðum íþróttahreyfingarinnar – ekki síst sársamböndum innan vébanda ÍSÍ.

Kröfur verða sífellt meiri, samhliða því að úrræði til að verða við þeim kröfum hafa frekar dregist saman en hitt. Við þekkjum það öll að fyrirtæki gera ekki lengur styrktarsamninga heldur harða viðskiptasamninga.

Það sem ef til vill hefur gert þetta umhverfi enn erfiðara er að keppinautar á þessum markaði eru fleiri og stærri en áður. Í reynd eru t.d. ekki mörg íslensk fyrirtæki sem eiga auðvelt með að kaupa heildarstuðning á efstu deildum stærstu íþróttagreinna landsins. Þá byggja sjónvarpsstöðvar nú í auknum mæli rekstur sinn á kostun dagskrárefnis, sem dregur óneitanlega úr möguleikum stóru íþróttagreinanna á markaðssetningu sinna stuðningsaðila. Þannig má áfram telja.

Stærsta breytingin er þó e.t.v. fólgin í því að ríkisrekna listastofnanir hafa nú í síauknum mæli verið að rugga þeim báti sem skapað hefur viðkvæmt jafnvægi á milli ríkisframlaga til listastofnana annarsvegar og sjálfsbjargarnauðsynjar íþróttahreyfingarinnar á almennum markaði hinsvegar með því að leita fjármagns í auglýsingum og stuðningsaðilum að hætti íþróttahreyfingarinnar. Ég tel íþróttahreyfinguna á Íslandi ekki hafa gætt hagsmuna sinna nægilega vel að þessu leyti. Jafnræði er nauðsynlegt, og annaðhvort fáum við ríkisframlög til rekstrar eða fáum að hafa hinn almenna markað án samkeppni við ríkisrekna aðila.

En samfélagið er einnig að breytast. Byltingarkennd aukning á framboði afþreyingarefnis samhliða breyttum lifnaðarháttum þjóðarinnar hefur leitt til þess að ýmsar eininga samfélagsins hafa átt erfitt með að laða til sín áhorfendur. Á það jafnt við um íþróttastarfsemi, listastarfsemi sem og aðra félagsstarfsemi. Í vetur sótti ég leiksýningu í Þjóðleikhúsinu þar sem einungis var setið á 10 fremstu bekkjunum. Ég hef sótt fræðafundi í félagasamtökum í vetur þar sem unnt hefur verið að telja fundargesti á fingrum sér – að fyrirlesurum meðtöldum. Og já, ég hef einnig sótt kappleiki í efstu deildum körfuknattleiks þar sem áhorfendur hafa rétt náð einu hundraði.

Þjóðin vill láta mata sig á beinum útsendingum, og sættir sig nú ekki við neitt annað en það allra besta sem fyrirfinnst í heiminum á hverju sviði. Við þetta er erfitt að keppa.

En hvað er þá til ráða? Eigum við að gefast upp? Það er sannarlega ekki háttur þeirra sem starfað hafa innan íslensks körfuknattleiks. Mikilvægt er fyrir okkur að standa saman um að tileinka okkur nýja tækni og þróa nýjar leiðir, og umfram allt að standa saman um framkvæmd þeirra leiða eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Það er okkur

mikilvægt að standa ekki að gengisfellingu markaðsafurða okkar með sífelldu niðurrífi á opinberum vettvangi – eins og því miður fámennur hópur virðist telja vænlegt til árangurs.

Það er þroskamerki og forsenda framfara að við fjöllum rækilega um þróunarmálefni okkar á réttum vettvangi, innan okkar eigin raða, og stöndum svo sameiginlega að því að gera það besta úr niðurstöðunni. Það sjá allir í hendi sér að þótt kapplið geti lagt upp leikskipulag með ýmsum hætti þá er mikilvægast að allir leikmennirnir spili eftir sama skipulagi, þótt þeir kunni að hafa persónulegar skoðanir á því hvort það er betra eða verra en annað.

Að öðrum kosti tapa þeir allir leiknum – þeir eru í sama liði og samherjarnir hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Vera má að einstökum leikmanni sé það mikilvægara að ná persónulegum árangri innan vallar en að liðið sigri. Ég held að við séum öll sammála um viðhorf til slíkra leikmanna sem taka einkahagsmuni sína fram yfir hagsmuni liðsins. Slíkir leikmenn kunna alltaf að vera til staðar – innan vallar sem utan – og að mínu mati er mikilvægt að þátttaka slíkra aðila sé með minnsta móti ef ekki er unnt að fá þá til að breyta viðhorfi sínu til „liðsins“.

Mig langar til þess að víkja að stöðu íslensks körfuknattleiks á alþjóðavettvangi. Eins og flestum ykkar ætti að vera kunnugt um hafa verið miklar hræringar innan Evrópu að því er varðar baráttu um Evrópukeppni félagsliða – sem hefur fram á síðari ár verið fjárhagsleg mjólkurkú hreyfingarinnar. Hefur þessi barátta leitt til verulegrar eftirgjafar á hagsmunum landsliða gagnvart hagsmunum félagsliða, og mun þetta bitna meira á íslenskum körfuknattleik en margir kunna að gera sér grein fyrir, ekki síst í ljósi þess að íslensk félagslið hafa ekki notið ávaxtanna þar sem þau taka ekki þátt í alþjóðlegum keppnum vegna kostnaðar.

KKÍ hefur á undanförunum árum á vettvangi FIBA barist fyrir breyttu fyrirkomulagi A-landsliða karla innan Evrópu, sem leiddi til þess á síðasta ári að þær tillögur voru samþykktar. Þetta þýddi þátttöku okkar í undanúrslitakeppni Evrópumótsins á ný – en þar höfum við ekki leikið s.l. tvö ár – og jafnframt að meðal þátttökupjóða yrðu allar bestu þjóðir álfunnar. Þetta var mikill sigur. En þrátt fyrir að leikdagar hafi þegar verið ákveðnir, fyrst í nóvember á þessu ári, þá var þessu kerfi hinsvegar fyrirvaralaust kollvarpað með ótrúlegum hætti nú nýlega, og munu næstu leikir Íslands í keppninni því ekki verða fyrr en í september 2004.

Nú er staðan því sú að við höfum skyndilega verið sviptir möguleikanum á því að fá landsleiki gegn 24 bestu þjóðum álfunnar. Við höfum verið sviptir þeim möguleika að markaðssetja leiki okkar innan keppnistímabilsins með auknum tekjum og minni tilkostnaði. Því til viðbótar hefur fjárhagsleg þróun félagsliðakeppni Evrópu leitt til þess að við höfum nú verið sviptir þeim takmörkuðu fjármunum sem FIBA lagði til landsliða fyrir slíka þátttöku. Þetta er stór biti að kyngja í einu lagi.

Fyrir tveimur og hálfu ári ýtti KKÍ úr vör nýrri afreksstefnu til sex ára. Þróunin í Evrópu – samhliða skertum fjárhagsforsendum landsliðanna – hefur raskað þeirri áætlun verulega. Sú áætlun sem sett hafði verið upp fram að leikjunum í nóvember hrynur nú algerlega. Eftir sem áður mun liðið nú taka þátt í Smáþjóðaleikunum á

Möltu eftir mánuð, og æfingaleikjum hér á landi gegn Noregi nú í maí, en það verður svo sannarlega verkefni nýrrar landsliðsnefndar að afloknu þessu ársþingi að leggja nýjar línur fyrir næsta ár.

Engum ætti þó að dyljast að við höfum líklega aldrei haft á að skipa jafn miklu úrvali frábærra leikmanna í öllum stöðum, og því sviður það enn meir að fá ekki að fylgja afreksstefnunni eftir í samræmi við þá þróun.

Andstætt því sem sumir hafa haldið fram þá hefur hlutlægur árangur landsliðsins á undanförunum árum verið betri en áður. Má þar sem dæmi nefna árangur liðsins á Norðurlandamótinu í fyrrasumar þar sem við vorum jafnir Svíum og Finnum að stigum í efsta sæti, en hlutum þriðja sæti vegna innbyrðis stigaskors. Þá má ekki gleyma því að fyrsti sigurinn í undanúrslitakeppni Evrópumótsins leit dagsins ljós fyrir tveimur árum – og það á útivelli. Einnig hafa þó á undanförunum árum verið ósigrar sem við erum ósáttir við, ekki síst í síðustu undankeppni EM sem hefði getað tryggt okkur sæti í undanúrslitunum s.l. tvö ár. Vandamálið undanfarin tvö ár hefur einkum verið fólgið í skorti á fjölda landsleikja gegn sterkum þjóðum.

Framundan gerum við nú hinsvegar skýra kröfu til sigurs á Smáþjóðaleikum – en keppni smáþjóða innan álfunnar hefur gjarnan verið með nokkuð sérstæðum hætti. Er það vegna sérstakra hlutgengisreglna ríkisborgararéttar sem gilda í sumum smáríkjanna, og gilda t.a.m. ekki í almennum mótum á vegum FIBA. Þessi þróun er nú að hluta til komin hingað til lands í formi erlendra leikmanna sem hlotið hafa íslenskan ríkisborgarétt. Mun þetta án efa hafa meiri áhrif á þróun landsliða á komandi árum og jafnvel draga úr sérkennum landsliða sem úrvalsliða þjóða ef of langt verður gengið í því að nánast „kaupa“ leikmenn til landsliða.

Tel ég nauðsynlegt að skapa ítarlega umræðu um þessa þróun og áhrif hennar á framtíð landsliða almennt. Þetta er nefnilega ekki einskorðað við Ísland, og tæknilega getum við horft upp á það innan skamms að landsleikir tiltekinnar þjóða í Evrópu verði að meirihluta skipaðir leikmönnum upprunnum utan álfunnar, og hafa fengið skyndi- ríkisborgararétt á s.l. misserum. Hvort við viljum þetta, og hversu langt slíkt á að ganga er nauðsynlegt að velta fyrir sér fyrr en seinna ef unnt á að vera að grípa inn í þá þróun.

Varðandi kvennalandslið Íslands þá varð það jafnframt fórnarlamb skipulagsbreytinga þar sem samstarf Norðurlandanna hefur breyst nokkuð í kjölfar opunar Evrópu til austurs. Þjóðir á borð við Svía og Finna hafa nú í vaxandi mæli litið til Eystrasaltsríkjanna, bæði þar sem þau geta boðið upp á öflugri körfuknattleik og minni ferðakostnað. Olli þetta m.a. því að Norðurlandamótið sem halda átti á Íslandi síðastliðið sumar féll niður. Enn sannast því að Ísland er Ísafjörður Evrópu.

Hinsvegar stóð liðið sig prýðilega á móti í Lúxemborg milli jóla og nýárs, og mun svo taka þátt í Smáþjóðaleikunum á Möltu líkt og karlalandsliðið nú í byrjun júní. Bindum við miklar vonir við árangur liðsins, en ljóst má vera að nauðsynlegt er að tryggja liðinu frekari verkefni en verið hafa á undanförunu ári.

Annars virðist vaxtarbroddur íslensks körfuknattleiks undanfarin misseri hafa verið á sviði kvennakörfuknattleiks. Aldrei hafa verið jafn mörg lið skráð til keppni, og aldrei jafn margir hæfileikaríkir leikmenn. Aldrei hefur verið jafn hart barist í senn um fall

og sigur, og líklega má segja að breidd góðra liða hafi sjaldan verið jafn mikil – e.t.v. fyrir utan nokkra yfirburði eins liðs þennan veturinn.

Hvort þetta er að einhverju leyti að þakka átaki okkar um sókn í kvennakörfuknattleik fyrir 5 árum síðan skal ósagt látið, en til gamans skal minnt á að sumir höfðu allt á hornum sér gagnvart KKÍ þegar menn töldu niðursveiflu vera ráðandi fyrir fáeinum árum. Ekki er ég að biðja þá aðila að koma nú og klappa KKÍ á öxlina, en ítreka hinsvegar sjónarmið okkar um að þetta er fyrst og síðast á valdi félaganna sjálfra – þ.e. bæði uppsveifla og niðursveifla.

Það er e.t.v. gagnlegt að hafa þetta hugfast þegar hin meinta niðursveifla varð fyrir nokkrum misserum þá var staðan sú að svo virtist sem allir bestu leikmenn landsins virtust hópast í tvö lið, sem vissulega leiddi til hágæðakörfuknattleiks í viðureignum þeirra tveggja liða, en að sama skapi takmarkaðri uppbyggingu utan þeirra liða. Menn sjá e.t.v. samhengi við umfjöllun um keppnisfyrirkomulag eða sjónvarpsútsendingar sem einu grundvallaratriðin við uppbyggingu íþróttarinnar. Það eru sannarlega mikilvæg tæki, en þó ekki annað en tæki. Raunverulegur árangur byggir á öflugu starfi félaganna sjálfra.

Yngri landslið Íslands hafa verið gerð út með nokkuð hefðbundnum hætti á þessu starfsári. Þar stendur e.t.v. upp úr sú ákvörðun stjórnar KKÍ að draga drengjalandslið Íslands út úr milliriðilskeppni í Tyrklandi nú í apríl vegna stríðsátakanna í Írak. Þrátt fyrir að vonbrigðin hafi verið yfirþyrmandi að þurfa að grípa til slíkra ráðstafana þá höfum við fengið mikinn skilning og stuðning hér innanlands á þeirri ákvörðun. Eftir á hinsvegar að koma í ljós hvort þetta hafi sektir í för með sér frá FIBA.

Þá er ánægjulegt að fyrsta opinbera keppnin sem KKÍ stendur fyrir í yngri flokkum í FIBA móti verður nú í júlí í sumar þegar Promotion Cup í unglingsaflokki kvenna fer fram að Ásvöllum í Hafnarfirði. Hefur nýráðinn framkvæmdastjóri FIBA-Europe reyndar boðað komu sína hingað til lands á þeim tíma, en framkvæmdastjóri FIBA hefur aldrei sótt Ísland heim.

Ég vil nefna eitt mál sem valdið hefur mér nokkrum áhyggjum, en það eru slök skýrsluskil félaga innan okkar vébanda. Þegar við fengum í hendur iðkendatölur vegna ársins 2001 í hendur brá okkur vissulega í brún, ekki síst þar sem fjöldi keppnisflokka endurspeglaði ekki slíka fækkun. Við nánari skoðun reyndist það vera rétt, þ.e. verulegt misræmi var þar á milli sem ekki verður skýrt með öðrum hætti en slakri skráningu iðkenda.

Vil ég leggja áherslu á að félög vandi nokkuð til verka á þessu sviði því þetta skiptir okkur talsverðu máli. Auk þess að geta haldið utan um skipulag sambandsins þá eru þessar tölur mikilvægar þegar kemur að úthlutun atkvæðafjölda, lottófjármagns og jafnvel ímyndar hreyfingarinnar. Það er ekki gott afsþurnar fyrir okkur að falla úr því að vera næst stærsta grein innan ÍSÍ í það að vera sú sjöunda, einkum ef það er í raun rangt. Hér koma reyndar einnig til umdeildar aðferðir við skráningu iðkenda hjá einstökum íþróttagreinum – en breytir ekki nauðsyn okkar á að hafa okkar skráningu rétta.

Ennfremur vil ég ítreka orð mín frá fyrri ársþingum um að félög veiti meiri athygli stjórnarstörfum aðila innan körfuknattleiks á vegum yfirstjórnunareininga. Má þar sem dæmi nefna aðalstjórnir sinna félaga, íþróttabandalög og héraðssambönd, og í sjálfu sér innan KKÍ líka. Þetta segi ég m.a. í ljósi atvika sem upp komu innan tveggja félaga okkar s.l. haust þar sem ákvarðanir um að leggja af meistaraflokka virðast hafa verið teknar að nokkru vegna hagsmuna og sjónarmiða annarra íþróttagreina innan þeirra sömu félaga.

Ársþing þetta kann að marka byltingarkennd spor í þróun íslensks körfuknattleiks á næstu árum vegna fyrirbyggjandi tillagna um afar róttækar breytingar á keppnishaldi okkar. Bið ég þingfulltrúa því að kynna sér rækilega þær tillögur, mynda sér skoðun og taka virkan þátt í umræðum í þingnefndum.

Að lokum vil ég vekja athygli þingfulltrúa á því að kynna sér stefnumarkmið stjórn málaflökkanna varðandi afstöðu þeirra til íþróttastarfs í landinu, og þótt ég muni alls ekki halda hér á lofti flokkspólitískum sjónarmiðum þá tel ég æskilegt að við tökum mið af því sem þar kemur fram þegar við ákveðum hvar við köstum atkvæði okkar í komandi Alþingiskosningum um næstu helgi.

Óska ég okkur öllum velfarnaðar í þingstörfunum.

Takk fyrir.

Þingforseti gaf því næst Guðjóni Þorsteinssyi formanni kjörbréfanefndar orðið.

Guðjón fór yfir kjörbréfin og las upp nöfn þingfulltrúa. Hann bað menn að rísa úr sætum þegar nafn þeirra væri lesið.

Íþróttabandalag Suðurnesja

Eyjólfur Guðlaugsson með umboð fyrir Árna S. Björnsson
Sigrún G. Jónasdóttir með umboð fyrir Finnboga Þorsteinsson
Magnús A. Hjaltason með umboð fyrir Gísla G. Sigurðsson
Hjörtfríður Jónsdóttir

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar

Hrannar Hólm með umboð fyrir Hermann Helgason.
Birgir Már Bragason með umboð fyrir Einar Þ. Skaftason.
Tryggvi Bragason með umboð fyrir Þorgrím St. Árnason.
Gunnar Jóhannsson
Hafsteinn Hilmarsson með umboð fyrir Viðar Ólafsson.
Jón Halldórsson með umboð fyrir Alexander Ragnarsson.

Íþróttabandalag Reykjavíkur

Birgir Hákonarson með umboð fyrir Björn M. Björgvinsson.
Atli Freyr Einarsson með umboð fyrir Herbert Arnarson.
Arnar Scheving Thorsteinsson með umboð fyrir Magnús Ólafsson.
Ingi Þór Steinþórsson með umboð fyrir Benedikt Guðmundsson.
Gísli Georgsson með umboð fyrir Tómas Örn Sigurbjörnsson.
Pétur Hólmsteinsson með umboð fyrir Halldór Þorsteinsson.
Snorri Örn Arnaldsson með umboð fyrir Þóru Melsted.

Elinborg Guðnadóttir með umboð fyrir Helga Bragason.
Ívar Ásgrímsson

Ungmennasamband Kjalarnesþings

Einar Pétursson með umboð fyrir Helgi Pál Einarsson.
Bjarni Gaukur Þórmundsson með umboð fyrir Sóleyju Ægisdóttur.
Björn Leósson
Pétur Hrafn Sigurðsson með umboð fyrir Sigrúnu Jónsdóttur.
Hannes S. Jónsson með umboð fyrir Heimi Snæ Jónsson.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Sverrir Hjörleifsson með umboð fyrir Guðrúnu Ágústu Guðmundsdóttur.
Brynjar Indriðason með umboð fyrir Gunnar Hauksson.
Gísli Sigurbergsson með umboð fyrir Hálfván Markússon.

Héraðssambandið Skarphéðinn

Gísli Páll Pálsson með umboð fyrir Bolla Gunnarsson.
Guðríður Aadnegard með umboð fyrir Árna Þorgilsson.
Lárus Ingi Friðfinnsson með umboð fyrir Engilbert Olgeirsson.
Gylfi Þorkelsson

Héraðssamband Vestfirðinga

Guðjón Þorsteinsson
Eygló Jónsdóttir
Halldór Magnússon
Halldór Sveinbjörnsson
Torfi Jóhannsson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ragnar Gunnarsson með umboð fyrir Ólaf Helgason.
Jóhann Waage með umboð fyrir Pétur M. Sigurðsson.
Eiður Sigurðsson með umboð fyrir Þóru Þorkelsdóttur.

Íþróttabandalag Akureyrar

Þorgils Sævarsson með umboð fyrir Ingvar Pál Jóhannsson UMSE
Guðmundur Oddsson með umboð fyrir Jónas M. Pétursson UMSE
Lísbet Snorradóttir

Ungmennasamband Eyjafjarðar

Ingvar Páll Jóhannsson veitti Þorgils Sævarssyni ÍBA umboð.
Jónas M. Pétursson veitti Guðmundi Oddssyni ÍBA umboð.

Ungmennasamband Skagafjarðar

Jóhann Ingólfsson með umboð fyrir Pál Kolbeinsson.
Halldór Ingi Steinsson með umboð fyrir Svein Pálmason.
Ragnheiður Matthíasdóttir
Halldór Halldórsson
Magnús Svavarsson

Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalasýslu

Gretar D Pálsson
Ríkharður Hrafnkelsson
Andrés Heiðarsson
Guðmundur Teitsson
Gissur Tryggvason
Leifur Ingólfsson
Lýður Vignisson

Að því búnu þakkaði Guðjón fyrir sig og óskaði þingfulltrúum ánægjulegs þings og óskaði jafnframt eftir athugasemdum við kjörbréfin væru þær einhverjar.

Þingforseti þakkaði kjörbréfanefnd fyrir hennar störf og lýsti því næst eftir athugasemdum við störf kjörbréfanefndar. Engar athugasemdir komu fram og voru þau samþykkt.

Þingforseti gaf því næst Ríkharði Hrafnkelssyni formanni kjörnefndar orðið. Hann sagði að í ljósi þess að vísbendingar hefðu komið fram um að fleiri frambjóðendur kynnu að vera til stjórnar og varastjórnar en laus sæti leggði nefndin til að þeir sem hefðu í hyggju að gefa kost á sér í stjórn og varastjórn myndu tilkynna kjörnefnd um framboð sitt fyrir kl. 17:00 í dag.

Þingforseti gaf orðið laust um tillögu kjörnefndar. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu kjörnefndar undir atkvæði og var hún samþykkt.

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Pétur Hrafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri KKÍ, kynnti endurskoðaða reikninga sambandsins í fjarveru gjaldkera.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Guðjón Þorsteinsson sagðist sakna þess að sjá ekki lista yfir skuldir félaganna við KKÍ.

Hrannar Hólm óskaði stjórn KKÍ til hamingju með að hafa rekið sambandið með hagnaði. Hann tók undir með Ólafi Rafnssyni og sagðist hafa áhyggjur af skorti á verkefnum fyrir A-landslið karla. Hann sagði að leita þyrfti leiða til að skapa afreksmönnum okkar verðug verkefni. Slæmt væri fyrir okkar yngri leikmenn ef ekki væru fyrirsjánleg áberandi verkefni fyrir A-landsliðið. Hann sagði að Ísland væri einangrað land og ekki mætti auka á þá einangrun.

Þingforseti bar því næst reikninga KKÍ undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

Þingforseti gaf Hafsteini Pálssyni stjórnarmanni í ÍSÍ orðið.

Hafsteinn bar kveðju frá framkvæmdastjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki ÍSÍ með þökk fyrir ánægjulegt samstarf. Hann óskaði stjórn KKÍ til hamingju með að hafa

skilað hagnaði af rekstri sambandsins. Hann minntist síðan meðal annars á skil á starfsskýrslum til ÍSÍ og aukningu á tekjum sérsambandanna af lóttói. Það væri ánægjulegt að sjá það fyrirtæki dafna og sagði nauðsynlegt að standa vörð um það því margir vildu ná sér í sneið af þeirri köku. Að lokum óskaði hann mönnum góðs þings.

6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR

Þessi liður var tekinn með 7. lið.

7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR ÞÆR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR

Þingforseti las því næst upp tillögur um vísun þingskjala til þingnefnda.

Þingskjal nr. 1 til laganefndar.

Þingskjal nr. 2 til laganefndar.

Þingskjal nr. 3 til laganefndar.

Þingskjal nr. 4 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 5 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 6 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 7 til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 8 til laganefndar.

Þingskjal nr. 9 til laganefndar.

Þingskjal nr. 10 til laganefndar.

Þingskjal nr. 11 til laganefndar.

Þingskjal nr. 12 til laganefndar.

Þingskjal nr. 13 til laganefndar.

Þingskjal nr. 14 til laganefndar.

Þingskjal nr. 15 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 16 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 17 til laganefndar.

Þingskjal nr. 18 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 19 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 20 til fjárhagsnefndar.

Þingforseti bar því næst tillögu um vísun þingskjala til þingnefnda og var hún samþykkt.

8. TEKNAR TIL UMRÆÐU AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL, SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR.

Þingforseti kynnti drög að reglugerð dómaranefndar KKÍ fyrir körfuknattleiksdómara. Drögunum hefði verið dreift með þingskjölum. Þau væru þó aðeins lögð fram til kynningar og væru ekki hluti af þingskjölum. Því næst frestaði þingforseti þingi.

ÞINGHLÉ

SUNNUDAGUR 4. MAÍ

9. NEFNDARÁLIT OG TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR UM ÞÆR.

Þingforseti gekk til dagskrár og gaf Eyjólfu Guðlaugsson formanni fjárhagsnefndar orðið.

Eyjólfur tók fyrst fyrir þingskjal nr. 7.

Hann sagði að laganefnd leggði til að þingskjalið yrði samþykkt með breytingu. Breytingin væri í því fólgin að miðað væri við að félag greiddi aðeins gjald fyrir þrjú lið í stað fjögurra, KKI greiddi fyrir þau lið sem væru umfram þrjú. Breytingartillaga nefndarinnar væri merkt sem þingskjal 7 b.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr 7 og 7 b.

Hrannar Hólm sagðist andvígur því að innheimta sérstakt gjald af þeim liðum sem kæmust í bikarúrslit. Nær væri að það gjald sem innheimt væri í upphafi dyggði fyrir öllum leikjunum. Hann sagði gjaldið óréttlátt gagnvart þeim félögum sem lengst næðu í bikarkeppninni og lagði til að þingskjölin yrðu felld.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 7 b undir atkvæði og var það samþykkt með 41 atkvæði gegn 13.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 7 undir atkvæði með áorðnum breytingum og var það samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Eyjólfur tók því næst fyrir þingskjal nr. 20. Hann sagði að fjárhagsnefnd leggði fram breytingartillögu við þingskjal nr. 20, sem merkt væri 20 b. Lagt væri til að vaxtatekjur væru hækkaðar í 1.200.000 og tekjur yrðu því 35.000.000 og gjöld 34.000.000 og því væri gert ráð fyrir 1.000.000 tekjuafgangi.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 20 og 20 b.

Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því næst þingskjal nr. 20 b undir atkvæði og vart það samþykkt. Því næst bar hann þingskjal nr. 20 með áorðnum breytingum undir atkvæði og var það samþykkt.

Eyjólfur þakkaði loks nefndarmönnum fyrir samstarfið sem og þeim sem fylgst hefðu með störfum nefndarinnar.

Þingforseti gaf því næst Gísla Georgssyni formanni laganefndar orðið.

Gísli tók fyrst fyrir þingskjal nr. 1 og sagði að nefndin leggði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf því orðið laust um þingskjal nr. 1.

Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 1 undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 2 og sagði að nefndin legði til breytingartillögu við þingskjalið sem merkt væri 2 b. Breytingin fæli í sér að tími væri stöðvaður síðustu tvær mínútur fjórða leikhluta, en ekki allan leikhlutann.

Þingforseti gaf því orðið laust um þingskjöl nr. 2 og 2 b.

Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 2 b undir atkvæði og var það samþykkt. Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 2 með áorðnum breytingum undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 3. Hann sagði að laganefnd legði til að þingskjalið yrði samþykkt. Þó legði nefndin til að svigi sem væri utan um setninguna „Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja þannig framgang leiksins“, yrði felldur út.

Þingforseti heimilaði þessa breytingu án þess að lagt væri fram sérstakt þingskjal þar að lútandi. Hann bar því næst þingskjal nr. 3 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 8 sem hann sagði að væri í raun í þrennu lagi. Hann sagði að nefndin legði til að fyrsti hluti þingskjalsins yrði samþykktur með breytingum, annar hlutinn yrði einnig samþykktur með breytingum, sjá þingskjal nr 8 b. Loks sagði hann að laganefnd legði til að síðasti hluti þingskjalsins yrði samþykktur óbreyttur.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr 8 og 8 b.

Hrannar Hólm sagði að töluverð umræða hefði verið á síðastliðnu keppnistímabili um hvar skyldi leikið til undanúrslita og úrslita í fyrirtækjabikarnum. Tillagan sem kæmi fram í þingskjali nr. 8 væri sett fram til þess að hægt væri að fastsetja leikina áður en keppnistímabilið hæfist. Breytingatillaga nefndarinnar væri hinsvegar þess eðlis að allt væri óbreytt og ákvörðun um leikstað væri ekki tekin fyrr en ljóst væri hvaða félag væru í undanúrslitunum. Þetta þýddi að aðeins væri hægt að koma keppninni fyrir á Suðurnesjum. Hann sagði að tillagan eins hún væri í þingskjali nr 8 væri góð og hann legði til að hún yrði samþykkt.

Guðjón Þorsteinsson sagðist að mörgu leyti skilja afstöðu Hrannars, en hans skoðun væri samt sú að að halda ætti keppnina í Laugardalshöll. Ef hins vegar menn vildu færa keppnina annað, þá væri ekkert mál að halda keppnina á Ísafirði.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að töluverð óánægja hefði verið með það að leika í Laugardalshöllinni, m.a. vegna þess að það hefði verið nokkuð kostnaðarsamt og aðeins sigurvegari keppinnar hefði komið út með hagnað. Síðan hefði keppnin verið haldin í Smáranum í Kópavogi í nokkur ár. Nú væri hins vegar erfitt væri að fá hús heila helgi fyrir keppni fyrir utanaðkomandi lið. Síðan hefðu komið fram hugmyndir um að leika á Ásvöllum, það væri flottasta húsið, en þá væri sá möguleiki fyrir hendi að Haukar væru eitt þáttökuliðanna.

Ingi Þór Steinþórsson sagði að menn hefðu rætt það í nefndinni að það gæti verið ókostur af hafa keppnina þannig staðsetta að úrslitaliðin væru fjarri sínu heimahéraði.

Hann sagðist að mikill kostnaður væri því samfara að halda keppnina á Ísafirði, örugglega meiri kostnaður en í Höllinni. Hann sagði að sjarminn við keppnina væri sá að undanúrslitin og úrslitin væru í Laugardalshöllinni. Hann sagðist styðja tillögu laganevndar.

Gísli Georgsson sagði að ef þessi keppni ætti að vera alvöru keppni, þá yrði að vera utan um hana alvöru rammi. Ekki væri gott að færa leikstað mikið fram og til baka og geta lent í þeirri stöðu að liðin sem lékju til úrslita ætti ekki aðsetur á því svæði sem keppnin færi fram á. Hann sagði að rétti ramminn utan um keppnina væri sá að halda hana í Laugardalshöll. Hann sagði að það væri besti kosturinn, þótt það kostaði peninga, en aðrir kostir væru þó mun lakari.

Hrannar Hólm sagðist vera sammála Gísla um að alvöru rammi þyrfti að vera utan um keppnina og Laugardalshöll væri flottasti staðurinn til að halda keppnina á. Hins vegar væri erfitt að fylla Höllina af áhorfendum því 500-700 áhorfendur mættu á leikina en ekki 1.500-2.000 eins og æskilegt væri í Laugardalshöll. Hann benti á að sérstaða bikarkeppni KKÍ væri sú að alltaf væri leikið til úrslita í Laugardalshöll og svo ætti það að vera. Hann sagðist styðja þingskjal nr. 8 án breytinga og sagði að ekkert væri að því þótt keppnin yrði haldin út á landi t.d. á Ísafirði af og til t.d. 16. hvert ár. Hann sagði jafnframt að KR gæti ekki haldið keppnina í sínu húsi ef þingskjal nr. 8 b yrði samþykkt. Þeir gætu ekki losað sitt íþróttahús með skömmum fyrirvara. Slíkt væri hins vegar hægt í Keflavík og Njarðvík, en það væri ekki sá alvöru rammi sem hann vildi hafa um keppnina.

Þingforseti bar því næst upp fyrsta hluta þingskjals nr. 8 sem snertir undanúrslit og úrslit í fyrirtækjabikarkeppni KKÍ og var hann felldur.

Hann bar því næst upp breytingartillöguna, fyrsta hluta þingskjals 8 b, sem varðar undanúrslit og úrslit fyrirtækjabikarkeppni KKÍ og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Hann bar því næst upp annan hluta þingskjals nr 8 b, sem varðar tekjuskiptingu og var sá hluti samþykktur samhljóða.

Því næst bar þingforseti upp þriðja hluta þingskjals nr. 8 b, sem varðar viðbót vegna fyrirtækjabikars kvenna og var hann samþykktur samhljóða.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 8, með áorðnum breytingum, undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 9. Hann sagði að laganevnd legði til breytingartillögu, þingskjal nr. 9b, og að það yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 9 og 9 b.

Guðjón Þorsteinsson sagðist sammála breytingartillögunni. Það væri eðlilegt að drengir í drengjaflokki lékju 4x10 mínútur, það væri góður undirbúningur fyrir meistaraflokk.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 9 b undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Hann bar því næst þingskjal nr. 9, með áorðnum breytingum, undir atkvæði og var það samþykkt.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 10 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 10.

Guðjón Þorsteinsson sagðist geta talað lengi um ástæður þess að rétt væri að samþykkja þingskjal nr. 10, en það mótanefnd þess í stað að vanda virkilega til verka. Hann sagði það sína skoðun að of mikill losarabragur hefði verið á þeim málum. Hann sagðist þó hlyntur því að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 10 og var það fellt samhljóða.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 11 og sagði að nefndin legði til að skjalið yrði samþykkt, með þeirri breytingu að endurtekningar á flokkaheitum yðru felldar út.

Þingforseti og þingheimur sættust á að breytingin hvað varðar útfellingu á nafnaheitum flokkanna yrði fellt út. Hann bar því næst þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 12. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu sem merkt væri sem þingskjal nr. 12 b.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 12 og 12 b.

Guðjón Þorsteinsson sagði að það væri gróf kynjamismunun að fella út ákvæði um að taka tölfræði í 2. deild kvenna, en halda 1. deild karla inni. Hann sagði þetta móðgun við konur og rétt væri að fella líka út ákvæði um tölfræði í 1. deild karla. Hann sagði síðan að hann legði til að þingskjal nr. 12 yrði samþykkt án breytinga.

Gísli Georgsson sagði að ekki vekti fyrir laganefnd að mismuna kynjunum. Hann sagði að erfitt væri að manna leiki (með starfsmönnum) í 2. deild karla og kvenna. Hann sagði þetta einnig vandamál í 1. deild karla. Með tillögunni væri verið að leggja til að 1. deild karla yrði bætt við í tölfræðitökunni. Það væri síðari tíma mál að skoða hvort einnig væri hægt að bæta við tölfræði í 2. deild kvenna.

Guðjón Þorsteinsson sagðist þekkja vel til í 1. deild karla og 2. deilda kvenna. Sitt lið hefði tekið tölfræði í báðum þessum deildum á sínum heimavelli og það væri bara framkvædaatriði að koma því við. Þetta væri bara eitt af því sem gera þyrfti.

Halldór Halldórsson sagði að sér fyndist viðbótin „í samráði við dómara leiks“ óþarft. Félögin bæru ábyrgð á því að koma skýrslum til skila og í flestum tilvikum bæðu þau dómara leiks að sjá um það fyrir sig. Hann sagði að mjög erfitt yrði að manna tölfræðiskráningu í 2. deild kvenna og jafnvel einnig í 1. deild karla. Hann sagðist leggja til að þetta þingskjal yrði fellt.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 12 b undir atkvæði og var það fellt með 28 atkvæði gegn 39. Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 12 undir atkvæði og var það fellt með 31 atkvæði gegn 34.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 13. Hann sagði að laganefnd legði til að það yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 13. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 14. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt. Ekki væri komin nægjanleg reynsla á framkvæmd vormóta til að fara að gera á þeim breytingar.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 14.

Gylfi Þorkelsson sagði að honum fyndist að allir iðkendur, bæði í A, B C, og D-riðlum ættu að fá nóg af leikjum. Hann hefði orðið verulega sár fyrir hönd sinna drengja í 8. flokki, þegar lið hættu við þátttöku í vormóti á Selfossi daginn fyrir mótið. Hann taldi að vormótin ættu að vera hluti af Íslandsmótinu, þannig að lið gætu ekki hætt við þátttöku án þess að það hefði einhverjar afleiðingar.

Halldór Halldórsson sagðist hafa lent í því að mæta í mót í Stykkishólm og verða af leikjum við nokkur félög sem ekki mættu til leiks. Hann sagðist þeirrar skoðunar að mótin ættu að hafa vægi og lið gætu unnið sig upp og fallið í þeim.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði bæði væri búið að reyna að hafa mótin innan og utan Íslandsmótsins. Mörg félög vildu ekki taka þátt í nema þremur mótum yfir veturinn og því hefði verið ákveðið að hafa val um hvort félögin vildu vera með í fjórðu umferðinni eða ekki. Síð skoðun væri hins vegar sú að mikilvægt væri að fjórða umferðin færi fram, því annars væri keppnistímabilið búið of snemma. Hann sagði að framkvæmd vormótanna nú í vor hefði ekki verið sem skyldi. Stjórnir félaga hefðu skráð lið til keppni án þess að láta þjálfarana vita og öfugt. Erfitt hefði verið að fá þátttökutilkynningarnar og erfitt hefði verið að skipuleggja mótin og síðan hættu liðin við þátttöku á síðustu sundu. Það orsakaði síðan óánægju út um alla hreyfinguna. Hann sagðist trúa því að þetta breyttist smám saman. Ekki væri rétt að lið sem ekki tækju þátt í vormóti félli niður í neðsta riðil árið eftir. Það gæti þýtt það að of sterkt lið væri í slökum riðli og keppni yrði ójöfn. Hann kvatti forystumenn félaganna til að hafa vormótin sem hluta af keppnistímabili flokka sinna.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 14 undir atkvæði og var það fellt samhljóða.

Gísli tók því næst fyrir þingskjal nr. 17. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 17. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjal nr. 17 undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Gísli Þakkaði félögum sínum í nefndinni og öðrum þeim sem tóku þátt í störfum nefndarinnar, fyrir samstarfið.

Þingforseti gaf því næst Halldór Halldórssyni formanni allsherjarnefndar orðið.

Halldór Halldórsson tók fyrst fyrir þingskjal nr. 4. Hann sagði að borist hefði breytingartillaga við þingskjalið, en nefndið legði til að þingskjalið yrði fellt.

Sverrir Hjörleifsson sagði að útfærslu á keppnisfyrirkomulagi vantaði í tillögu sína eins og reyndar í 23. grein reglugerðar fyrir körfuknattleiksmót, þar sem fjallað er um 1. deild kvenna. Hann sagði að undanfarin tvö ár hefði lið unnið 2. deild kvenna með fullu húsi stiga. Því væri ljóst að hverju sinni væri eitt gott lið í geymslu í 2. deild kvenna, sem ætti heima í 1. deild. Hann sagði að okkur bæri skylda til þess að sjá til þess að 1. deild kvenna gæti vaxið og dafnað. Deildin væri mjög lokuð í dag og erfitt væri að ná þar fótfestu án þess að kaupa erlenda leikmenn frá Bandaríkjunum. Hann sagði að sjá mætti á úrslitum einstakra leikja í 2. deild að getumunurinn væri mikill og þar væru lið sem ekki ættu þar heima. Hann sagði að deildin væri of lítil í dag og það hamlaði vexti kvennakörfuboltans. Hann sagðist leggja til breytingartillögu við þingskjal nr. 4 (þingskjal nr. 4 b), sem gerði ráð fyrir 7 liða deild og leikin yrði þreföld umferð.

Hrannar Hólm sagði engum vafa undirorpið að Sverrir bæri hag kvennakörfuboltans fyrir brjósti. Hann gerði það líka. Hann sagði að það að vilja ekki fjölga liðum væri ekki að vera á móti framgangi kvennakörfuboltans. Mennt hefðu mismunandi leiðir að því markmiði. Hann sagði að sl. Vetur hefði í fyrsta skipti verið vottur af alvöru 6 liða deild. Hingað til hefði verið vandamál að ná sex liðum í deildina. Gefa yrði deildinni tækifæri á að þroskast meira sem sex liða deild áður en liðum í deildinni yrði fjölgað. Hann sagði að vera ætti keppni um að komast inn í deildina. Hrannar benti á að Keflavík hefði unnið stóra sigra á andstæðingum sínum í 1. deildinni, nú síðast í vetur þegar Keflavík vann ÍS með 70 stiga mun. Liðið hefði unnið leiki að meðaltali með miklum mun. Það væri ekki rétt leið að fjölga slíkum leikjum. Hann sagði að komið gæti losarabragur á deildina ef strax yrði fjölgað í henni. Rétt væri að hafa deildina sex liða áfram um sinn og því væri hann á því að fella ætti breytingartillögu Sverris.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 4 b undir atkvæði og var það fellt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 4. og var það fellt.

Halldór Halldórsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 5. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 5.

Bjarni G. Þórmundsson sagði að sér fyndist skrítið að menn vildu fella tillögu um að leika heima og heiman í ungalingaflokki kvenna, þegar verið væri að leika þannig í drengjaflokki. Hann taldi þetta vera kynjamisrétti og lagði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Halldór Halldórsson sagði að stúlkur væru mun yngri komnar í meistaraflokk en drengir og því væri þetta ekki nauðsynlegt. Einnig væri mjög dýrt fyrir landsbyggðarlið að taka þátt í þessum flokki ef þetta fyrirkomulag yrði samþykkt.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 5 undir atkvæði og var það fellt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 6. Hann sagði að allsherjarnefnd legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 6. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 18. Hann sagði að allsherjarnefnd legði til að þessu þingskjali yrði vísað til stjórnar KKÍ til nánari útfærslu. Tillaga þess efnis hefði verið lögð fram og væri hún merkt sem þingskjal nr. 18 b.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 18 og 18 b.

Guðjón Þorsteinsson sagðist fagna því að allsherjarnefnd legði til þessa málsmeðferð.

Halldór Halldórsson sagði að allsherjarnefnd gerði ráð fyrir að reglugerðin tæki gildi í haust, ef ekki yrðu gerðar breytingar á keppnisfyrirkomulagi. Í geinargerðinni væri hins vegar gert ráð fyrir að hún tæki gildi 2004-2005.

Hrannar Hólm minnti fólk á að það sem samþykkt væri á þinginu sættu menn sig við. Þó það væri ekki alveg eins og menn vildu. Menn beygðu sig undir vilja meirihlutans. Nú væri hins vegar svo komið með þetta mál að stjórn KKÍ væri falið að útfæra það nánar. T.d. hvort launþakið væri 450.000 kr eða 500.000 kr. Menn væru að afsala sér valdi yfir til stjórnar KKÍ og hefðu ekkert meira það að segja um hvernig reglugerðin yrði úr garði gerð.

Þingforseti sagði skilning Hrannars réttan, þingið væri að framselja vald sitt til stjórnar KKÍ. Hann gaf orðið laust á ný, en enginn hvaddi sér hljóðs. Hann bar því tilvísunartillögu allsherjarnefndar (þingskjal nr. 18 b), um að vísa þingskjali nr 18 til stjórnar KKÍ, undir atkvæði og bar hún samþykkt samhljóða.

Halldór Halldórsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 19. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr 19. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 19 undir atkvæði og var það fellt samhljóða.

Halldór Halldórsson tók því næst fyrir þingskjöl nr. 15 og 16. Hann sagði að nefndin legði til að þau yrðu felld.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 15 og 16. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 15 undir atkvæði og var það fellt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Hann bar því næst upp þingskjal nr 16 og var það fellt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Halldór þakkaði að lokum samnefndarmönnum sínum og öðrum þeim sem tóku þátt í störfum nefndarinnar fyrir samstarfið og Hólmurum fyrir móttökurnar. Því næst gerði þingforseti hádegisverðarhlé.

10. ÖNNUR MÁL

Þingforseti gaf orðið laust um önnur mál.

Pétur Hrafn Sigurðsson tilkynnti að nú yrði dregið í töfluröð fyrir úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna. Þingforseti dró miðana úr fötu og fyrst var dregið í úrvalsdeild.

Þá var dregið í 1. deild kvenna.

Dráttur fór þannig: 1. Keflavík 2. UMFN 3. ÍS 4. ÍR 5. KR 6. UMFG.

Þá var dregið í 1. deild karla:

Drátturinn fór þannig: 1. ÍG 2. Stjarnan 3. Fjöltnir 4. Valur 5. Þór Ak. 6. Reynir S. 7. Skallagrímur 8. Höttur 9. ÍS 10. Ármann/Þróttur.

Intersport-deildin

Drátturinn fór þannig: 1. KFÍ 2. Tindastóll 3. UMFG 4. KR 5. Þór Þ. 6. Keflavík 7. Hamar 8. ÍR 9. Breiðablik 10. UMFN 11. Snæfell 12. Haukar.

Þingforseti gaf því næst orðið laust.

Guðjón Þorsteinsson þakkaði Snæfelli og Stykkishólmsbúum fyrir gott þing og bauðst til að halda næst þing á Ísafirði. Hann kom síðan að leiðaraskrifum formanns KKÍ á kki.is og sagði leiðaranaan þarfa og KFÍ-menn birtu þá jafnframt á sínum vef. Hann hvatti menn til að lesa leiðarana, þeir opnuðu huga manna og gæfu mönnum nýja sín á hin ýmsu mál. Loks þakkaði hann stjórn KKÍ fyrir frábær störf og þakkaði fyrir samstarfið. Síðan lýsti hann yfir undrun sinni á því að þingið hefði ekki samþykkt tillögu Snorra Arnar Arnaldssonar um að taka tölfræði í 1. deild karla og 2. deild kvenna. Hann sagði slæmt að það kæmi gat í tölfræði manna þótt þeir lékju í tvö ár í 1. deild. Hann sagðist ekki skilja það að úrvalsdeildarlið stæðu í vegi fyrir þessu. Hann sagði ekki tiltökumál að taka þessa tölfræði og sagðist ekki skilja í metnaðarleysi manna. Hann bað síðan lið í 1. deild karla og 2. deild kvenna að taka tölfræði og bauðst til að koma henni á netið fyrir félögin. Hann sagist síðan vonast til þess að næsta þing myndi samþykkja tillögu um að taka tölfræði í þessum deildum. Síðan lýsti hann yfir ánægju sinni með fundinn sem var á föstudagskvöldið og gaman hefði verið að sjá hve margir hefðu mætt. Hann skammaði loks þau félög sem ekki mættu á þingið, en 30% mæting hefði verið á þingið. Hann lýsti sérstaklega yfir undrun sinni á því að Þór Þorl. skyldi ekki mæta á þingið. Furðulegt væri að lið sem hefði verið að vinna sig upp í úrvalsdeild léti ekki sjá sig á þingi KKÍ. Loks lýsti hann því yfir að hann hefði ákveðið að draga framboð sitt til stjórnarsetu til baka og lýsti yfir stuðningi og ánægju með þá þrjá sem í kjöri væru. Hann þakkaði síðan mönnum fyrir gott þing, en sagðist undrandi á því að Keflvíkingar væru horfnir á braut.

Gylfi Þorkelsson þakkaði fyrir gott þing og Hólmurum fyrir móttökurnar. Hann bauð stjórn KKÍ að halda næst þing KKÍ á Selfossi.

Birgir Hákonarson sagðist hissa á því að breytingartillaga sem hann hugðist leggja fram skyldi ekki hafa náð inná þingið. Hann hefði þurft að losa herbergi sitt á hótelinu og þegar hann kom til baka hefði verið búið að afgreiða umrædd mál. Hann benti þess í stað á tillögu sína og benti á að hún lægi frammi fyrir þá sem vildu. Hann þakkaði að lokum fyrir gott þing, sagði eina skemmtisögu, en sagðist undrandi á því að Keflvíkingar væru farnir af þinginu áður en það væri búið.

Guðjón Þorsteinsson sagðist fagna boði Gylfa Þorkelssonar að næsta þing KKÍ yrði haldið á Selfossi. Hann lagði til við stjórn KKÍ að þingið 2004 yrði á Selfossi og síðan 2005 á Ísafirði. Hann sagði að KFÍ ætti 40 ára afmæli og því væri tilvalið að halda þing á Ísafirði af því tilefni.

11. KOSNING FORMANNS

Þessi liður féll niður þar sem formaður var kjörinn til tveggja ára á þinginu 2002.

12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Þingforseti bað formann kjörnefndar, Ríkharð Hrafnkelsson, að hafa framsögu varðandi dagskrárliði 12-16 .

Ríkharður tók fyrir 12. lið og sagði að einungis hafi borist framboð þriggja einstaklinga í þrjár stöður aðalmanna í stjórn, þ.e. en það eru þeir Hannes S. Jónsson, Gísli Pál Pálsson og Jón Halldórsson. Hann lýsti eftir fleiri tillögum. Þær komu ekki fram og voru þeir þrjú sjálfkjörnir með lófaklappi.

Ríkharður sagði að fjórir aðilar hafi gefið kost á sér til setu í varastjórn, en Guðjón Þorsteinsson hefði dregið framboð sitt til baka og því þyrfti væntanlega ekki að koma til kosningar. Hann sagði að þrjú menn væru í framboði í varastjórn, þeir 1. Eyjólfur Guðlaugsson, 2. Snorri Örn Arnaldsson og 3. Bjarni G. Þórmundsson. Fleiri framboð komu ekki fram og voru þeir þrjú sjálfkjörnir með lófaklappi.

13. KOSNING FIMM MANNA Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL TIL EINS ÁRS.

Ríkharður sagði að á síðasti þingi hefði vorið kosið í dómstólinn til þriggja ára og því þyrfti ekki að kjósa í hann nú.

14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND OG TVEGGJA TIL VARA

Ríkharður sagði að stungið væri uppá Ágústi Jóhannessyni og Hrafn G. Johnsen sem aðalmönnum og Ingimar Ingasyni og Skúla Valtýssyni til vara og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

15. KOSNING ÞRIGGJA AÐILA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA

Ríkharður sagði að stungið væri uppá þeim Bjarna Steinarssyni, Halldóri Halldórssyni og Elínborgu Guðnadóttur og til vara þeim Kristni Jörundssyni, Hilmar Magnússyni og Ragnari B. Sigurðssyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Ríkharður sagði að stungið væri uppá þeim Ottó Hafliðasyni og Gísla Friðjónssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

Ríkharður þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing.

17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍPRÓTTAÞING

Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR


Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til þingforseta og þingritara og var það samþykkt.

19. ÞINGSLIT


Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir skemmtilegt þing og skemmtilega samvinnu. Hann sagði gaman að koma aftur á þing KÍ. Síðan gaf hann Ólafi Rafnssyni formanni KÍ orðið.

Ólafur Rafnsson þakkaði þingfulltrúum fyrir gott og starfsamt þing. Hann sagði að nefndafundir hefðu verið fjölmennir og margir tekið þátt í umræðum. Það sýndi úr hverju hreyfingin væri gerð. Hann vék að því að HSI hefði lokið sínum þingstörfum á 3-4 tímum í vor. Það væri sín skoðun að slíkt væri afleitt. Þingstörf væri meira en að segja bara já og nei og menn væru að hlusta á sjónarmið annarra. Hann sagði að þingstörf væru fólgin í mjög góðum undirbúningi, góðri þátttöku og því að menn kynnist hver öðrum. Það væri gaman að ræða málín óformlega við menn á kvöldin og eiga góða stund og þá kæmu oft fram mun fleiri sjónarmið en í umræðum á daginn. Hann þakkaði síðan Snæfellingum fyrir umgjörðina og skipulagninguna á þinginu. Hann sagði að komið hefði í ljós að ekki þyrfti að vera með skipulagða dagskrá á laugardagskvöldi. Skemmtilegir menn kynnu að skemmta sér og líkti því við keppnisfyrirkomulag. Það væri ekki patantlausn að skipta um keppnisfyrirkomulag. Ef fólk á staðnum væri ekki skemmtilegt þá væri alveg sama hvaða dagskrá væri boðið uppá. Það væri klárt að á þessu þingi væri skemmtilegt fólk. Hann vitnaði í ákveðinn ráðherra og sagði að þar sem tveir KÍ fulltrúar kæmu saman þar væri fjör. Hann þakkaði síðan fyrir það traust sem stjórn KÍ hefði verið sýnt, búið væri að

framselja mikið vald til KKI. Stjórninni hefði verið falið að útfæra reglur um launapak og fl. Hann sagðist vonast eftir því að stjórnin stæði undir því trausti. Hann bauð síðan nýja aðila velkomna í stjórn og þakkaði Guðjóni Þorsteinssyni drengilega framgöngu er hann dró framboð sitt til baka. Ólafur sagði að Guðjóni stæði eflaust til boða nefndaseta þess í stað. Hann sagði ánægjulegt að varamenn kæmu inn í stjórnina af krafti, hingað til hefðu þau sæti verið eins konar heiðurssæti, en 1. varamaður hefði reyndar alltaf tekið þátt í störfum stjórnarinnar. Hann bauð Jón Halldórsson velkominn inn í aðalstjórnina úr varastjórninni, ásamt þeim Gísla Páli Pálssyni og Hannesi S. Jónssyni, og þakkaði þeim Magnúsi Svavarssyni og Gísla Friðjónssyni fyrir þeirra störf, en þeir væru nú horfnir úr varastjórn. Síðan þakkaði hann þeim Erlu Sveinsdóttur og Jóhannesi Karli Sveinssyni, sem gáfu ekki kost á sér til endurkjörs í aðalstjórn, fyrir þeirra störf. Því næst afhenti hann Gretari D Pálssyni þingforseta silfurmerki KKI, sem ákveðið var að sæma hann fyrir þingið 2001. Þá hefði hann ekki komist á þing og því væri kærkomið tækifæri nú til að afhenda honum merkið. Ólafur bað því næst þingheim að rísa á fætur og klappa fyrir þingforseta fyrir frábæra stjórn þingsins um leið og hann fengi silfurmerkið afhent. Að því mæltu sleit Ólafur þingi og óskaði öllum þingfulltrúum góðrar heimferðar.



Gretar D Pálsson
þingforseti



Björn Leósson
þingritari

LEIÐRÉTTINGAR VIÐ ÁRSSKÝRSLU

4-LIÐA ÚRSLIT

Keflavík - UMFN 100-101 ÍR - KR 72-79

ÚRSLIT

UMFN - KR 70-67

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2002

Þingskjal nr. 1

Breytingar og viðbætur við leikreglur í minnibolta.

Regla 4, 12 grein

Inn komi viðbótarákvæði við séríslenska ákvæðið í reglunum. Ekki skal veita slíka undanþágu í A-riðli.

Ákvæðið hljóði því þannig.

Hvert lið samanstendur af minnst 10 liðsmönnum. 5 leikmenn og 5 varamenn. Liðsmaður telst vera vera leikmaður þegar hann er á leikvelli og er heimilt að leika. Að öðrum kosti er hann varamaður.

Séríslenskt ákvæði: Í hverjum leik verður að nota 10 leikmenn, annars er hann tapaður. Mótanefnd KKÍ er þó heimilt að veita félagi fyrirfram undanþágu frá lágmarksfjölda leikmanna ef vandkvæði eru við að manna lið vegna fæðar iðkenda. Skal það gert samkvæmt rökstuddri umsókn félags. Ekki skal veita slíka undanþágu í A-riðli.

Greinargerð.

Ekki hefur reynt á þetta undanþáguatriði í A-riðli en í neðri riðlum hefur undanþága verið veitt og hefur það reynt vel. Ekki hefur verið reynt að misnota regluna.

Stjórn KKÍ.

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 2

Regla 5 15. grein

Við bætist sér íslenskt ákvæði: Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku í samræmi við alþjóðlegar körfuknattleiksreglur í minnibolta.

Greinargerð.

Nokkrar húsreglur hafa verið í gangi með hvenær skuli stöðva tímann og hvenær ekki. Alþjóðlegar reglur gera ráð fyrir að klukka sé stöðvuð í öllum leikhlutunum. Þá yrði leikurinn jafnlangur og í mfl. karla og kvenna og er það ekki talið æskilegt. Á Íslandi hefur klukkan verið stöðvuð stundum síðustu tvær mín, stundum ekki neitt osfrv. Því er gerð tillaga um að stöðva klukkuna eingöngu í 4. leikhluta.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum
Sjá þingskjal nr 2 b.

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 3

Regla 7 33. grein

Séríslenskt ákvæði. Við bætist. Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins.

Reglan verði því þannig:

Leikmaður liðs sem hefur vald á knetti á sóknarvelli má ekki verða valdur að því að knöttur fari á varnarvöll liðsins. Brot á reglu þessari er leikbrot og skal knötturinn afhentur andstæðingunum til innkasts frá miðpunkti hliðarlínu.

Miðlína telst vera hluti af varnarvelli.

Séríslenskt ákvæði: Í minnibolta karla er einungis heimilt að leika maður á mann vörn, en á eigin sóknarhelmingi má ekki leika vörn. (Ekki er heimilt að halda knetti á eigin varnarvelli og tefja framgang leiksins). Refsing skal vera tæknivilla á þjálfara brotlega liðsins.

Greinargerð með þingskjali nr. 3

Hér ræddu þjálfarar um regluna og fannst hún góð. Hinsvegar var ekki á hreinu hver refsingin á að vera sé reglan brotin. Hér er ráðin bót á því.

Greinargerð með þingskjölum 1 – 3:

Á Samkaupsmótinu í minnibolta var haldinn þjálfarafundur að beiðni KKÍ þar sem farið var yfir minniboltareglurnar í körfuknattleik. Nokkuð hefur borið á mismunandi túlkun manna á reglunum og sumstaðar hafa verið “húsreglur” í gangi. Til að ráða bót á þessu var óskað eftir tillögum frá minniboltapjálfulrunum til að skýra minniboltareglurnar frekar og til að fá fram skoðun þeirra á hvað væri gott og hvað slæmt í reglunum.

Ofangreindar tillögur komu frá þessum fundi.

Stjórn KKÍ.

Vísad til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 4

23. grein

1. DEILD KVENNA

1. deild kvenna skal skipuð 8 liðum. Önnur lið leika í 2. deild. Tvö neðstu lið 1. deildar leika síðan gegn tveimur eftstu liðum í 2. deild um tvö sæti í 1. deild að ári. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratitil og fá farand- og eignarbikar.

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna.

Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að liðin sem hafa lent ofar í deildarkeppninni fái fyrsta- og ef með þarf þriðja leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild kvenna fær það lið fyrsta- og ef með þarf þriðja leik á heimavelli sem lenti ofar í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Um úrslitakeppni tveggja neðstuliða í 1. deildar og tveggja efstuliða í annari deild gilda þær reglur að liðin leika innbyrðis allir við alla einfalda umferð á hlutlausum velli, samhliða úrslitakeppni í 1. deild. Leikið skal yfir helgi, föstudag til sunnudags..

Um fjölgun liða haustið 2003

Þegar að loknu þingi KÍ í maí, 2003 og formlegri afgreiðslu þessara tillagna mun KÍ bjóða liðum að taka sæti í 1. deild 2002-2003 skv. eftirfarandi:

- 1) Lið sem féll úr 1. deild 2002-2003
- 2) Liðið sem varð í 2. sæti í 2. deild 2002-2003
- 3) Liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild 2002-2003 .. og s. frv.

24. grein

II. DEILD KVENNA

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. Mótanefnd KÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Félögum er heimilt að senda B lið til keppni í 2. deild.

Það félag sem sigrar í 2. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og leikur ásamt liðinu í 2. sæti til úrslita um sæti í fyrstudeild að ári.

Um úrslitakeppni tveggja neðstu liðana í 1. deild og tveggja efstu liðana í annari deild gilda þær reglur að liðin leika innbyrðis allir við alla einfalda umferð á hlutlausum velli, samhliða úrslitakeppni í 1. deild. Leikið skal yfir helgi, föstudag til sunnudags.

Greinargerð:

Ljóst er að áhugi fyrir fjölgun liða í efstu deild er til staðar enda hefur uppbygging í kvennakörfunni verið að skila sér undanfarin tvö-þrjú ár. Þörfin á að fleiri leikmenn leiki í efstudeild hefur aukist. Fyrirkomulagið í eftstu deild, þar sem leikin er fjórföld umferð- var í upphafi sett til að tryggja ákveðinn leikjafjölda vegna of fárra liða. Það að lið í efstu deild geti fræðilega verið að leika innbyrðis 6-10 leiki á tímabili er of mikið.

Undirritaður telur skv lauslegri athugun alveg ljóst að a.m.k 1-2 lið sem léku í 2. deild 2002-2003 auk kkd. Hauka vilji leika í efstu deild næsta tímabail(2002-2003) og því mikilvægt sé fyrir áframhaldandi vöxt kvennaboltans að liðum verði fjölgað- og keppnisfyrirkomulagi breytt.

Í eftirfarandi tillögum er gert ráð fyrir að leikjum í deildarkeppni fækki frá því sem verið hefur. Undirritaðir sér frekar kosti en ókosti í því og telur að þá muni það gerast að aðrar keppnir (s.s. Bikarkeppnir og Reykjanes- & Reykjavíkurmót og jafnvel undirbúningsmót("Valsmót") sem Haukar hyggjast halda f. kvinnalið í haust), verði mikilvægari og áhugaverðari fyrir liðin sem taka þátt.

Hvað varðar fall úr 8 liða deild, þá er ljóst að slíkt gengi ekki í einhvern óráðinn tíma eftir fjölgun. Þess vegna er gert ráð fyrir að 2 neðstu liðin úr 1. deild leiki við 2 efstu úr annari deild um 2 laus sæti að ári. Það ætti að tryggja nauðsynlega keppni í neðri hluta 1. deildar og umspilið að gefa vísbendingu um getumun milli deilda.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Hauka

Sverrir Hjörleifsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 5

39. grein

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Aldur: 16, 17 og 18 ára

Leiktími: 2 x 18 mínútur og 5 mínútna hálfleikur.

Í unglingsflokkum kvenna skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einum riðli (deild), þegar félög eru 11 eða færri. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 12 eða fleiri. Dómaranefnd skal raða 1 KKÍ dómara á leiki sem dæmir ásamt einum dómara frá heimaliðinu. Að lokinni deildakeppni leika 4 efstu lið í undanúrslitum 1-4 og 2-3. Sigurvegarar leika til úrslita um íslandsmeistaratitil.

Rök fyrir breytingu:

Fyrst og fremst til samræmingar við fyrirkomulag hjá drengjaflokkum. Gefur meiri og jafnari keppni og stuðlar að betri umgjörð og dómgæslu.

F.h. Körfuknattleiksdeild Hauka

Sverrir Hjörleifsson

Viðauki til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 6

22. grein, II. DEILD KARLA breytist á eftirfarandi hátt: Yfirstrikað fellur út.

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild. Ennfremur er öllum félögum innan KKÍ heimilt að senda B og C-lið í II. deild. B-lið skulu skipuð leikmönnum 20 ára og yngri. Auk þess er heimilt að tefla fram í B-liði tveim leikmönnum eldri en 20 ára. Sjó leikjahæstu leikmönnum A-liðs hverju sinni er ekki heimil þátttaka með B eða C-liði. Séu tveir eða fleiri leikmenn með jafn marga leiki í 7. sæti í mfl. karla A-liða, er ekki heimilt að nota einn þeirra með B eða C-liði. Sama leikmanni er óheimilt að leika bæði með B og C-liði.

Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag í II. deild eftir fjölda liða hverju sinni, þó þannig að eftir að riðlakeppni II. deildar lýkur skal haldin úrslitakeppni fyrir A-lið. Sigurvegari úrslitakeppni A-liða flyst upp í I. deild ásamt því liði sem varð í 2. sæti.

Mótanefnd skal skipuleggja sérstaka úrslitakeppni B-liða. Það lið sem sigrar í úrslitakeppni B-liða verður Íslandsmeistari.

~~Mótanefnd skal einnig skipuleggja sérstaka úrslitakeppni C-liða. Það lið sem sigrar í úrslitakeppni C-liða verður Íslandsmeistari.~~
Stjórn KKÍ ákveður þátttökugjöld

Inn komi í reglugerð um körfuknattleiksmót grein sem verður númer 31. Grein númer 31 verður númer 32 og svo framvegis.

Grein 31 Unglingaflokkur

Aldur: 19 og 20 ára.

Leiktími: 4 x 10 mínútur og 5 mínútna leikhlé milli annars og þriðja (leiðr.)leikhluta. Í ungingaflokki skal leikið í deildarkeppni heima og heiman. Leika skal í einum riðli (deild), þegar félög eru 11 eða færri. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag verði félög sem taka þátt 12 eða fleiri. Heimilt er að taka eitt leikhlé í hverjum af fyrstu þremur leikhlutum og tvö leikhlé í fjórða leikhluta. (Leiðrétting frá þingskjöllum.)

Stjórn KKÍ

Greinargerð:

Fyrir tveim árum var gerð tilraun með að setja ungingaflokk karla í 2. deild karla og láta ungingaflokksliðin leika þar. Er það mat manna að þessi breyting hafi ekki verið ungingaflokki til framdráttar og ekki orðið til þess að auka gæði leikja í ungingaflokki eins og stefnt var að.

Stjórn KKÍ leggur því til að reglugerð KKÍ um körfuknattleiksmót verði breytt á þann hátt að ungingaflokkur karla leiki í sér í einni eða tveimur deildum.

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 7

Í samræmi við 15. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót þar sem stjórn KKÍ er falið að leggja fram tillögu fyrir ársþing um þátttökugjöld leggur stjórn KKÍ til að þátttökugjöld í Íslandsmóti og í bikarkeppni verði óbreytt frá fyrra ári.

Jafnframt leggur stjórn KKÍ til að heimilt verði að rukka þau félög sem komast í bikarúrslit í yngri flokkum um kr. 10.000 hvert, svokallað bikarúrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð úrslitanna sem glæsilegasta.

Komi eitthvert félag fleiri en fjórum liðum í bikarúrslit yngri flokka, mun KKÍ greiða bikarúrslitagjald fyrir öll lið umfram fjögur.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum Fellt
Sjá þingskjal nr 7 b.

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 8

Reglugerð um fyrirtækjabikar KKÍ

Lagt er til að breyting verði gerð á leikstað í undanúrslitum og í úrslitum.

Greinin hljóðar svo;

Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":

Leikið er á hlutlausum velli, einn leik í hverju tilfelli. Allir leikirnir skulu leiknir á sama stað. Leikið skal í Laugardalshöll, nema ef samhljóðandi ósk berist um annan leikstað frá öllum fjórum félögunum. Undanúrslitaleikirnir fara fram samdægurs og sigurvegarar þeirra leika til úrslita daginn eftir. Að jafnaði skulu leikirnir fara fram á laugardegi og sunnudegi.

Greinin breytist og hljóði svo:

Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":

Mótanefnd skal ákveða hverju sinni hvar undanúrslitaleikir og úrslitaleikur skuli fara fram. Hverju félagi sem þátt tekur í keppninni er heimilt að senda inn umsókn um að halda undanúrslitin og úrslitin á sínum heimavelli. Umsóknir skulu berast til mótanefndar fyrir fyrstu umferð keppinnar ár hvert.

Greinargerð: Erfitt hefur verið að fá hús við hæfi fyrir úrslitaleikina. Höllin hefur verið dýr og oft ekki á lausu. Undanfarin ár hefur ekki verið leikið í Höllinni. Erfitt er að fá hlutlausan völl þar sem sveitarfélög og félagslið eru ekki spennt fyrir að láta húsið sitt heila helgi til að utanaðkomandi lið geti leikið í úrslitum.

Ef hinsvegar félög sækja um að halda keppnina, og taka þá sénsinn hvort þau eru þar eða ekki, þá er búið að festa húsið tímanlega og ekki koma upp vandamál við framkvæmdina.

Tekjuskipting "hinna fjögurra fræknu":

Greinin hljóðar svo

Tekjur af miðasölu

Um leið og ljóst er hvaða félög leika í undanúrslitum fær hvert þeirra til sölu 500 miða á undanúrslitin og 500 miða á úrslitin. Tekjur renna óskiptar til félagsins sem selur miðana. Félögin skulu skila óseldum miðum eigi síðar en á hádegi þann dag sem undanúrslitin fara fram. Tekjur af miðasölu á leikstað og gjöld vegna leikjanna skiptast jafnt á milli félaganna fjögurra.

Þegar undanúrslitum lýkur hefst sameiginleg miðasala á úrslitaleikinn. Tekjur af þeirri

miðasölu og gjöld vegna leiksins skiptast jafnt á milli félaganna tveggja sem þar taka þátt.

Greinin breytist og hljóði svo

Tekjur af miðasölu

Tekjur af miðasölu í undanúrslitum renna til félaganna fjögurra sem taka þátt í þeim og skiptast jafnt á milli þeirra. Kostnaður vegna þessara leikja skiptist jafnt á milli liðanna.

Tekjur af miðasölu í úrslitum renna til félaganna tveggja sem taka þátt í honum. Kostnaður vegna leiksins skiptist jafnt á milli liðanna.

Tekjur af veitingasölu rennur til þess félags sem heldur leikina.

Heimilt er að selja miða í forsölu komi félögin sér saman um það.

Greinargerð.

Til að fá félög til að halda úrslitakeppnina er nauðsynlegt að þau hafi einhverja tekjumöguleika út úr því. Tekjur af veitingasölu geta orðið umtalsverðar sé vel staðið að málum og því eftirsóknarvert að halda mótið.

Breyting er gerð vegna forsölumála. Algengt er að félög taki sig saman og hafi ekki forsölu enda telja félögin hana ekki svara kostnaði. Það er því ekki gert að skyldu að hafa forsölu en félögum er það heimilt kjósi þau svo.

Við greinina bætist:

Mótanefnd skal halda fyrirtækjakeppni í mfl. kvenna fáist til þess nægilegur fjöldi liða að mati nefndarinnar. Mótanefnd skal útfæra keppnifyrirkomulag, leikstað ofl. sem við kemur fyrirtækjabíkar kvenna hverju sinni.

Greinargerð

Fyrirtækjabíkar kvenna hefur nú verið haldinn í þrjú skipti án þess að til hafi verið reglugerð um hann. Úr því er bætt hér með.

Ástæða þess að ekki er sett niður í smáatriðum hvernig leika skal keppnina er sú að þátttökufjöldi liða er breytilegur á hverjum tíma og því verður að vera sveigjanleiki fyrir mótanefnd til að skipuleggja mótið miðað við aðstæður hverju sinni.

Mótanefnd skal miða við að halda mótið skrái sig 6 lið eða fleiri.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Sjá þingskjal nr 8 b.

Þing KKI haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 9

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

31. grein

DRENGJAFLOKKUR

Aldur: 17 og 18 ára.

Leiktími: ~~2 x 18 mínútur og 5 mínútna leikhlé í hálfleik~~ 4 x 9 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta 1 og 2 og 3 og 4 og 5 mínútur í hálfleik. Heimilt er að taka eitt leikhlé í hverjum af fyrstu þremur leikhlutunum og tvö leikhlé í fjórða leikhluta.

Að öðru leyti óbreytt.

Greinargerð:

Yfirstrikaði textinn fellur út og undirstrikaði textinn kemur í staðinn.

Einhverjir þessara drengja sem spila í Drengjaflokki spila líka með B-/C-liðum síns félags í annari deildinni, þar sem leiknar eru 4 x 10 mínútur. Með þessu er verið að færa leikina nær því sem þeir eiga eftir að kynnast í nánustu framtíð þegar þeir færast upp í M.fl. Ekki er heldur hægt að bera fyrir skýringar varðandi tímaþröng fjölliðamáta. Reglur um fjölda leikhléa í yngri flokkum hefur verið á reiki og nauðsynlegt að koma því í fast form.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Fjölfnis

Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Sjá þingskjal nr 9 b.

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 10

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

14. grein

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum. Mótanefnd er heimilt að afla þeirra gagna sem hún telur þurfa til að taka ákvarðanir um frestun leikja.

Sé kappleik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag, sem fært þykir.

Félag, sem óskar að fá keppni frestað í úrvalsdeild karla eða 1. deild karla og kvenna, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara. Félög geta óskað eftir því að fá öðrum keppnum frestað með 72 klst fyrirvara, ef þau félög sem eiga hlut að máli koma sér saman um frestunina, eða ef ærnar ástæður eru að baki. Ef tvö félög koma sér saman um frestun eða tilfærslu leiks, skulu þau finna nýjan leiktíma í samráði við KKÍ.

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

Greinargerð:

Undirstrikaði textinn bætist við.

Aðrir leikir en í efstu deildum karla og kvenna eru vanalega leiknir fyrir hálfstómum húsum. Þeir áhorfendur sem mæta á leiki í 2. deild karla og kvenna, eða á leiki í yngri flokkum eru vanalega tengdir viðkomandi liðum og fá strax að vita ef því ef leikir eru frestaðir. Þessir leikir eru sjaldnast auglýstir og því á ekki að falla neinn aukakostnaður á félög þó leikur sé færður til með 72 klst (þriggja sólahringa) fyrirvara. Einnig má benda á að hjá KSÍ, sem er með stærsta mótahald á landinu á sinni könnu, virðist vera auðveldara að fá leikjum í yngri flokkum frestað með skömmum fyrirvara en hjá okkur. Stærð mótahalds á því ekki að vera ástæða fyrir því að þetta sé ekki hægt.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Fjölnis

Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 11

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

32. grein

11. FLOKKUR KARLA

Aldur: 16 ára.

Leiktími: 2 x 18 mínútur og 5 mínútna leikhlé í hálfleik. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik í 11. flokki karla.

...

Að öðru leyti óbreytt

33. grein

10. FLOKKUR KARLA

Aldur: 15 ára eða 10. bekkur grunnskólans

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik í 10. flokki karla.

...

Að öðru leyti óbreytt

34. grein

9. FLOKKUR KARLA

Aldur: 14 ára eða 9. bekkur grunnskólans

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik í 9. flokki karla.

...

Að öðru leyti óbreytt

39. grein

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Aldur: 16, 17 og 18 ára

Leiktími: 2 x 18 mínútur og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik í unglingsflokki kvenna.

Að öðru leyti óbreytt

40. grein

10. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 15 ára

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik í 10. flokki kvenna.

...

Að öðru leyti óbreytt

41. grein

9. FLOKKUR KVENNA

Aldur: 14 ára

Leiktími: 2 x 16 mínútur og 5 mínútna hálfleikur. Leyfð eru tvö leikhlé í hvorum hálfleik í 9. flokki kvenna.

...

Að öðru leyti óbreytt

Greinargerð:

Undirstrikaði textinn bætist við.

Reglur varðandi fjölda leikhléa hafa verið á reiki og jafnvel húsreglur ráðið því hversu mörg leikhlé leyfð eru. Með því að setja það í reglur fyrir hvern flokk er þessu atriðið komið á hreint.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Fjölnis

Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 12

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

8. grein

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslökum undirrita dómara skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal í samráði við dómara leiks koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

~~Í efstu deild karla og kvenna úrvalsdeild karla, 1. deild karla og kvenna og 2. deild kvenna~~ skal heimalið senda allar tölfræðiupplýsingar á tölvutæku formi um mótald til KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 klst. eftir að leik ~~hæfur~~ lýkur.

Að öðru leyti óbreytt

Greinargerð:

1. Það er viðtekin venja í dag að annar dómari kappleiks taki frumrit leikskýrslu og komi því til KKÍ. Með þessari breytingu er verið að færa reglugerðina nær raunveruleikanum.
2. Tölfræðiupplýsingar eru gríðarlega mikilvægar hreyfingunni, þar sem þær upplýsingar sem þar er að finna segja áhugamönnum mikið til um hvernig viðkomandi leikur var. Einnig er það ekki sjálfgefið að bestu leikmenn landsins (Friðrik Stefánsson t.d.) spili allan sinn feril í efstu deild og því gætu myndast óþarfa göt í tölfræðiupplýsingum ákveðinna leikmanna ef þessu er haldið óbreyttu.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Fjölnis

Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 13

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót 15. grein

1. KKÍ er heimilt að innheimt þátttökugjöld af félögum fyrir hvern flokk sem tekur þátt í mótum, sem haldin er á vegum þess. Stjórn KKÍ skal leggja fram til samþykktar á ársþingi KKÍ tillögu að gjaldskrá vegna þátttökugjalda í þeim mótum, þar sem þeirra er krafist á komandi keppnistímabili.

2. Félög skulu tilkynna þátttöku í Íslandsmót og bikarkeppni meistaraflokka eigi síðar en 1. júní. Þátttöku í Íslandsmót og bikarkeppni yngri flokka skal tilkynna á tímabilinu 1.-10. september ár hvert. Sæki félag um þátttöku eftir 10. september skal það greiða tvöfalt þátttökugjald fái það þátttökurétt. Frestur til að tilkynna þátttöku í minnibolta karla og kvenna skal þó framlengdur til 30. september ár hvert.

a) Hætti félag við þátttöku eftir 10. september (30. september í minnibolta) skal allt þátttökugjald greitt.

Að öðru leyti óbreytt

Greinargerð:

Það getur verið erfitt að segja til um iðkenda fjölda í minnibolta 10. september, þegar tímabilið er rétt að byrja og fótboldatímabilið er ekki búið. Þar sem fyrsta umferð minniboltans er samhliða annari umferð annarra yngri flokka ætti vel að vera hægt að framlengja skráningarfresti í minniboltamót, svo félög hafi betri forsendur til að meta hvort þau taki þátt og þá hversu mörg lið taki þátt það árið.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Fjölnis

Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 14

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

32. grein

11. FLOKKUR KARLA

....
Að lokinni 3. umferð mun KÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Að öðru leyti óbreytt.

33. grein

10. FLOKKUR KARLA

....
Að lokinni 3. umferð mun KÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Að öðru leyti óbreytt.

34. grein

9. FLOKKUR KARLA

....
Að lokinni 3. umferð mun KÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Að öðru leyti óbreytt.

35. grein

8. FLOKKUR KARLA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. ~~Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

Að öðru leyti óbreytt.

36. grein 7. FLOKKUR KARLA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. ~~Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

Að öðru leyti óbreytt.

37. grein

MINNIBOLTI KARLA 11 ÁRA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. ~~Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

Að öðru leyti óbreytt.

39. grein

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta

tímabili. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Að öðru leyti óbreytt.

40. grein

10. FLOKKUR KVENNA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. ~~Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

Að öðru leyti óbreytt.

41. grein

9. FLOKKUR KVENNA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. ~~Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

Að öðru leyti óbreytt.

42. grein

8. FLOKKUR KVENNA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. ~~Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.~~

Að öðru leyti óbreytt.

43. grein

7. FLOKKUR KVENNA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Að öðru leyti óbreytt.

44. grein

MINNIBOLTI KVENNA 11 ÁRA

...

Að lokinni 3. umferð mun KKÍ efna til vormóta fyrir þau lið sem ekki leika í A-riðli 4. umferðar hvers aldursflokks. Félögum er frjálst að taka þátt í vormótum, en árangur í vormótum hefur áhrif á röðun í riðla næsta tímabils á eftir. Þau félög sem ekki taka þátt í vormótum, eða mæta ekki, hefja því leik í neðsta riðli Íslandsmóts á næsta tímabili. Vormótin eru ekki hluti af Íslandsmóti og félögum er frjálst að taka þátt.

Greinargerð:

Vormótin eru frábær endir á tímabilinu fyrir þau félög sem ekki enda leik í A-riðli. Tímabilið lengist fyrir þessi félög um einn mánuð. Hins vegar hefur það komið fyrir að félög hafi ekki skráð sig í vormót, eða skráð sig og ekki mætt. Þetta á sérstaklega við þegar í ljós kemur að ferðalög fylgi viðkomandi vormóti. Með þessari viðbót eru þau félög sem mæta og spila verðlaunuð fyrir, en þau sem ekki mæta eða taka ekki þátt líða fyrir í staðinn.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Fjölnis

Snorri Örn Arnaldsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 15

Tillaga um breytingu á reglugerð erlendra leikmanna.

Lögð er til viðbót við reglugerð fyrir erlenda leikmenn

Viðbótin hljóði svo:

Byrji erlendur leikmaður tímabil þá skal hann klára það tímabil sem erlendur leikmaður þó svo hann fái íslenskan ríkisborgararétt á tímabilinu.

F.h. Körfuknattleiksdeildar UMFG
Gísli G. Sigurðsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 16

Tillaga um fjölgun erlendra leikmanna.

Lögð er til breyting á reglugerð fyrir erlenda leikmenn 2. grein.

Greinin hljóði svo:

Heimila skal tveimur erlendum leikmönnum að leika með hverju félagsliði í hverjum leik að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA (félagaskipti milli landa í Evrópu eru ekki heimil eftir 28. febrúar ár hvert). Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma.

F.h. Körfuknattleiksdeildar Grindavíkur
Guðfinnur Friðjónsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 17

Tillaga til breytingar á lögum KKÍ

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við 9. grein laga KKÍ

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn KKÍ eða varastjórn skulu tilkynna það til stjórnar KKÍ ekki síðar en 10 dögum fyrir ársþing. Berist ekki framboð fyrir þann tíma skal stjórn KKÍ hlutast til um tilnefningu aðila til stjórnarkjörs á ársþingi.

Greinargerð:

10 dögum fyrir ársþing eru þær tillögur sem liggja fyrir þinginu sendar út til félaganna þannig að þau hafi möguleika á að kynna sér þær og móta til þeirra afstöðu.

Það er ekki óeðlilegt að félögin fái jafnframt að kynna sér hverjir séu í framboði til stjórnar KKÍ þannig að þau geti mótað til þeirra afstöðu.

Komi aðeins framboð í laus sæti, verður sjálfkjörið

Komi ekki framboð fram, verði stjórn KKÍ heimilt að leita eftir framboðum fram að þingi.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 18

Breyting á reglugerð um erlenda leikmenn

2. grein hljóðar svo

Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju félagsliði í hverjum leik, að undangengnu samþykki KKÍ, sé farið að reglum FIBA (~~félagaskipti milli landa í Evrópu er ekki heimil eftir 28. febrúar ár hvert~~). Félagi er þó heimilt að vera samningsbundið fleiri en einum leikmanni á sama tíma.

Við bætist; **Sjá þó reglugerð vegna þátttöku í Úrvalsdeild karla.**

Greinargerð.

Í reglugerð FIBA er ekki lengur miðað við 28. febrúar eins og var og því ástæðulaust að hafa þessa setningu inn í reglugerðinni.

Í reglugerð um þátttöku félagsliða í úrvalsdeild er gert ráð fyrir launapaki en ekki þaki á fjölda leikmanna eftir þjóðerni. Þar er gert ráð fyrir að öllum hömlum á fjölda erlendra leikmanna sé aflétt og fer það ekki lengur eftir þjóðerni manna hvort þeir séu löglegir hér á landi eða ekki. Reynslan hefur verið sú að félög hafa verið með einn leikmann af amerísku bergi brotinn auk erlendra leikmanna af evrópsku bergi. Hefur félögum verið frjálst að hafa í liði sínu eins marga evrópska leikmenn og það kýs en aðeins einn leikmenn úr öðrum heimsálfum. Reglugerðin taki gildi frá og með keppnistímabilinu 2004 – 2005.

Reglugerð vegna þátttöku í úrvalsdeild karla

1. Heimila skal erlendum leikmönnum að leika með hverju félagsliði í Úrvalsdeild karla.
2. Félag skal leggja fram til KKÍ alla samninga félagsins við leikmenn sem þiggja greiðslur eða önnur hlunnindi frá félaginu.
3. Félag skal leggja fram til KKÍ fjárhagsáætlun fyrir upphaf hvernar leiktíðar og ekki síðar en 1. október ár hvert.
4. Félög skulu birta KKÍ fjárhagslegt uppgjör fyrir janúarlok og aftur fyrir maílok.
5. Félög skulu halda úti virkri heimasíðu.
6. Félög skulu kynna til leiks lukkudýr.
7. Félög skulu hafa kynni á öllum heimaleikjum sem kynnir leikmenn liða.
8. Félög skulu leika áhorfendavæna tónlist fyrir leiki og í leikhléum.
9. Félög skulu gefa út leikskrá fyrir hvern heimaleik.
10. Félög skulu tryggja að beinar útsendingar frá leikjum þeirra sé gott sjónvarpsefni, m.a. á þann hátt að reyna af öllum mætti að tryggja góða áhorfendaaðsókn m.a. með útgáfu boðsmíða ofl. þess háttar.
11. Félagi í Úrvalsdeild er ekki heimilt að greiða hærra upphæð en sem nemur samtals kr. 500.000,- á mánuði í laun og hlunnindi fyrir leikmenn. Miða skal við 8 mánuði. Ekki er heimilt að færa greiðslur á milli mánaða.
12. Hafi félag spilandi þjálfara er heimilt að bæta kr. 50.000,- við launapakið á mánuði.

13. Greiðslur til leikmanna félagsins sem koma frá öðrum aðilum og eru til komnar vegna körfuknattleiksíðkunar þeirra skulu falla undir launþakið. Komi til álitamála ber félagi að sýna fram á að greiðslur séu ekki til komnar vegna körfuknattleiksíðkunar.
14. Hlunnindi skulu metin á eftirfarandi hátt:
- Frítt húsnæði skal metið á kr. 25.000,- á mánuði
 - Frí bifreið skal metin á kr. 15.000,- á mánuði
 - Frítt fæði skal metið á kr. 15.000,- á mánuði
 - Auka flugfar til BNA skal metið á kr. 50.000,- á ársgrundvelli
 - Heimilt er að greiða bónusa fyrir titla sem vinnast
 - a) Fyrir sigur í fyrirtækjabikarkeppni KKÍ
 - b) Fyrir sigur í bikarkeppni KKÍ
 - c) Fyrir að komast í úrslitakeppni
 - d) Fyrir Íslandsmeistaratitil

Refsingar fyrir að uppfylla ekki skilyrði reglugerðar um þátttöku í Úrvalsdeild.

1. Ef ekki er heimasíða á vegum félagsins; kr. 20.000,- á mánuði þar til heimasíðan er komin upp
2. Ef ekki er leikskrá fyrir leik; kr. 20.000,- pr. leik
3. Ef ekki er skilað inn tölfræði á rafrænan hátt 2 klst eftir að leik lýkur; kr. 10.000 pr. leik
4. Ef ekki er kynnir á leiknum; kr. 20.000,- pr. leik
5. Ef ekki er leikin tónlist fyrir og í leik; kr. 20.000,- pr. leik
6. Ef ekki er lukkudýr í leikjum; kr. 20.000,- pr. leik
7. Ef ekki er skilað inn fjárhagsáætlun og uppgjöri; kr. 20.000,- fyrir hvern mánuð sem líður fram yfir þann frest sem er í reglugerðinni.
8. Ef félag fer fram úr launþaki; kr. 100.000,- fyrir fyrsta brot og 4 stig dregin af liðinu. Endi brotlega liðið með jafnmörg stig og annað, skal það brotlega teljast neðar í töflunni. Inbyrðisleikir skipta ekki máli.
Fyrir annað brot skal vísa félaginu úr deildinni og skulu allir leikir þess dæmdir því tapadir.

Greinargerð;

Hér er verið að gera félögum kleyft að fá til sín leikmann/leikmenn í úrvalsdeildarlið sitt, óháð þjóðerni þeirra.

Sett er launþak sem takmarkar fjölda leikmanna sem hvert félag getur greitt fyrir að leika körfuknattleik með liðinu. Hér er átt við bæði íslenska og erlenda leikmenn. Eðlilegt telst að miða við 500.000 krónur á mánuði og miða við 8 mánuði. Ekki er þó heimilt að færa á milli mánaða þannig að félag greiði t.d. 300.000 í september, október og nóvember, en 700.000 í febrúar, mars og apríl.

Varðandi lið 13 þá er ljóst að íslenskir leikmenn fá greitt frá sínum atvinnuveitanda laun fyrir sína vinnu. Til viðbótar fá sumir greitt frá félaginu. Greiðslurnar frá félaginu falla undir launþakið. Ekki greiðslurnar frá atvinnurekanda, enda séu þær ekki til komnar vegna körfuboltaíðkunar leikmannsins.

Greiðslur til erlends leikmanns sem kemur hingað til lands til að leika körfuknattleik falla undir launþakið hvort heldur sem þær koma frá félaginu eða frá atvinnurekanda óskyldum félaginu, enda sé viðkomandi leikmaður ekki í vinnu hjá atvinnurekandanum og ekki með atvinnuleifi til að starfa hjá honum.

Dæmi sem flokkast innan launaþaks. Trésmiðja X greiðir erlendum leikmanni Y laun. Leikmaður Y mætir ekki í vinnu og hefur engar vinnuskyldur hjá Trésmiðjunni.

Dæmi sem flokkast utan launaþaks. Menntaskóli X greiðir erlendum leikmanni Y fyrir að kenna dönsku. Leikmaðurinn er sannarlega kennari við skólann og hefur vinnuskyldur sem slíkur. Launin frá Menntaskólanum falla ekki undir launaþakið.

Komi upp álitamál hvort félag haldi sig innan launaþaks eða ekki, þá er það félagsins að sýna fram á að það sé innan launaþaksins. Félagið skal afhenda KKÍ eða einstaklingi/nefnd sem stjórn KKÍ skipar, öll gögn sem krafist kann að verða. Fáist ekki gögn frá félagi eða atvinnurekenda sem greiðir leikmanni laun, skulu laun leikmanns teljast innan launaþaks.

Kærum vegna brota á þessari reglugerð ber að koma til dómstóls KKÍ.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Fellt
Vísað til stjórnar KKÍ, sjá þingskjal nr. 18 b.

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 19

Breyting á 20 grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.
Greinin hljóði svo:

Úrvalsdeildin í körfuknattleik

Keppni úrvalsdeildar fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júní.

a) Deildarkeppni

Úrvalsdeildin skal skipuð 10 liðum sem leika í tveimur riðlum sem auðkenndir eru sem A og B. Liðin innan riðlanna skulu leika fjórfalda umferð innbyrðis, þ.e.a.s. hvert lið leikur tvisvar sinnum heima og að heiman gegn hverju hinna. Jafnframt skulu liðin leika tvöfalda umferð heima og heiman gegn liðunum í gagnstæðum riðli. Lið raðast í lokastöðu riðlanna samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Liðið í efsta sæti A-riðils að lokinni keppninni hlýtur titilinn Deildarmeistari og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar.

Tvö neðstu lið B-riðils úrvalsdeildar að lokinn deildarkeppni falla í 1. deild og leika þar næstu leiktíð.

Neðsta lið A-riðils skal leika í B-riðli leiktíðina á eftir. Efsta lið B-riðils skal leika í A-riðli leiktíðina á eftir.

Sérstakt ákvæði:

Þau félög sem lenda í 5 efstu sætum úrvalsdeildar eftir deildarkeppnina 2003 – 2004 skulu skipa A-riðil tímabilið 2004 – 2005, nema ef Íslandsmeistararnir koma úr sætum 6, 7 eða 8. Þá skulu félögin í 4 efstu sætunum skipa A-riðilinn ásamt Íslandsmeisturunum. Félög sem lenda í 6., 7., 8. og 9. sæti skulu skipa B-riðil, nema ef liðið í 6, 7, eða 8 sæti varð Íslandsmeistari. Liðið í 10 sæti úrvalsdeildar skal leika einn leik við sigurvegara úr úrslitakeppni 1. deildar karla um laust sæti í B-riðli. Leikurinn skal fara fram á heimavelli 1. deildar liðsins. Skal 1. deildarliðið bera allan kostnað af leiknum og hirða allar tekjur af honum. Útiliðið greiðir sinn ferðakostnað.

Liðin í 11. og 12 sæti falla í 1. deild

Að lokinni deildarkeppni hefst úrslitakeppni með þátttöku liðanna í 4 efstu sætum A –riðils og tveimur efstu sætum B-riðils.

b) Úrslitakeppni

Í úrslitakeppninni skiptast andstæðingar í hverri viðureign á að leika á heimavelli og ávallt er byrjað á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni. Liðin í A-riðli teljast ofar í deildarkeppninni en liðin í B-riðli.

Í fyrstu umferð úrslitakeppinnar skal lið í þriðja sæti A-riðils A3 leika við liðið í 2 sæti B-riðils B2 (Viðureign nr. 1) og liðið í 4 sæti A-riðils við liðið í 1. sæti í B-riðli B1 (Viðureign nr. 2). Það lið sem fyrr sigrar í tveim leikjum kemst áfram. Fyrsti og ef með þarf þriðji leikur skal fara fram á heimavelli liðanna í A-riðli.

Í undanúrslitum mætir sigurvegari A-riðils A1 sigurvegaranum úr fyrstu umferð úrslitakeppinnar sem telst neðar í deildarkeppninni (Viðureign nr. 3). Liðið í öðru sæti A-riðils A-2 mætir sigurvegaranum úr fyrstu umferðinni sem telst ofar í deildarkeppninni (Viðureign nr. 4). Það lið sem fyrr sigrar í þrem leikjum kemst áfram í úrslit. Fyrsti, þriðji og ef með þarf fimmti leikur skal fara fram á heimavelli A1 og A2.

Í úrslitum mætir sigurvegari úr viðureign nr. 3 sigurvegara úr viðureign 4. Það lið sem fyrr sigrar í þrem leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik og skal fá afhentan farandbikar og eignabikar. Fyrsti, þriðji og ef með þarf fimmti leikur skal fara fram á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Gestalið í úrslitakeppni skal ávalt eiga rétt á að kaupa 30% af seldum aðgöngumiðum á hvern leik, enda nýtir það þennan rétt a.m.k. 24 klst. fyrir leik

Breyting á 21 grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

1. deild karla

Deildin skal skipuð 10 liðum. Leika skal tvöfalda umferð heima og heiman. Tvö neðstu lið 1. deildar falla í 2. deild og leika þar næsta keppnistímabil.

Að lokinni deildarkeppninni í 1. deild, hefst úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Þau leika einn leik, á heimavelli þess liðs sem ofar varð í deildarkeppninni og telst sigurvegarinn Íslandsmeistari í 1. deild karla og færast bæði liðin upp í Úrvalsdeild. Um tekjuskiptingu gilda sömu reglur og gilda í oddaleikjum úrslitakeppni úrvalsdeildar.

Sérstakt ákvæði

Keppnistímabilið 2003 – 2004 skal sigurvegari í úrslitakeppni 1. deildar karla leika einn leik við liðið í 10 sæti úrvalsdeildar tímabilið 2003 – 2004 um sæti í úrvalsdeild 2004 – 2005. Sjá reglugerð um úrvalsdeild.

Keppnistímabilið 2004 – 2005 skal deildin skipuð á eftirfarandi hátt:

Tapliðinu úr leiknum um lausa sætið í úrvalsdeild

Liðunum sem lentu í 11 og 12 sæti Úrvalsdeildar 2003 - 2004

Tapliðinu úr úrslitaleik úrslitakeppni 1. deildar 2003 – 2004
Tapliðunum tveimur úr undanúrslitakeppni 1. deildar 2003- 2004
Þeim þrem liðum sem enduðu í sæti 5, 6 og 7 í 1. deild 2003 – 2004
Sigurvegara úr leik liðsins sem lenti í 8. sæti 1. deildar 2003-2004 og þess liðs sem
sigraði í úrslitakeppni 2. deildar karla 2003-2004. Skal leikurinn fara fram á
heimavelli 2. deildarliðiðsins og skal það bera allan kostnað af leiknum og hirða allar
tekjur af honum. Útliðið greiðir sinn ferðakostnað.
Liðin í 9. og 10 sæti 1. deildar keppnistímabilið 2003 – 2004 falla í 2. deild

Breyting á 22. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

2. deild karla

Inn komi sérstakt ákvæði

Sigurvegari í úrslitakeppni 2. deildar karla keppnistímabilið 2003 – 2004 skal leika
einn leik við liðið sem lenti í 8. sæti 1. deildar karla keppnistímabilið 2003 – 2004 um
laust sæti í 1. deild keppnistímabilið 2004 - 2005. Skal leikurinn fara fram á
heimavelli 2. deildarliðiðsins og skal það bera allan kostnað af leiknum og hirða allar
tekjur af honum. Útliðið greiðir sinn ferðakostnað.

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Fylgigögn með þingskjali nr. 19

Keppnisfyrirkomulag í Intersportdeild

Forsendur

1. Mótið hefst í byrjun október og lýkur seinnipartinn í apríl – alls tæpir 7 mánuðir sem gerir 57 leikdaga miðað við að leikið sé tvisvar í viku.
2. Hlé á mótinu er gert í samtals 34 leikdaga – þeir skiptast þannig
 - a) Kjörisbikar – 5 leikdagar
 - b) Bikarkeppni KKÍ – 5 leikdagar
 - c) Stjörnuleikur – 1 leikdagur
 - d) Góðgerðarleikur – 1 leikdagur
 - e) A-landslíð – 8 leikdagar
 - f) Jól – 4 leikdagar
 - g) Úrslitakeppni 8 - 10 leikdagar – Leikið er mun örar en í deild
3. Við höfum því 23 – 26 leikdaga fyrir Intersportdeildina eftir því hvenær við byrjum og endum mótið.

Keppnisfyrirkomulag – Möguleikar

Núverandi fyrirkomulag með 12 liðum í deild.

Kostir

- Leikdagar eru 22 sem passar ágætlega inn í systemið
- Átakapunktur – 1. sætið, 8 sætið og fallið = 3
- Liðafjöldi að margra mati heppilegur.

Gallar

- Er “gamla kerfið”.
- Þarf að “gera eitthvað” til að breyta og poppa upp deildina.
- Of margir “lélegir leikir”
- Ísland ber ekki 12 lið og 10 liða 1. deild. Hætta á að 1. deildin verði ekki fullskipuð.
- 1. deildin verði of veik

Úvalsdeild með 8 liðum – tvöföld umferð – 14 leikdagar

Kostir

- Stutt mót – lægri kostnaður
- Allir leikir skipta máli

Gallar

- Fáir leikir
- Þrír átakapunktur
- Félag geta lent í að fá ekki heimaleik í 5 vikur
- Umfjöllun minnkar

- Tekjur minnka
- Körfubolti verður jaðarsport

Úrvalsdeild með 8 liðum – fjórföld umferð – 28 leikdagar – ekki úrslitakeppni

Kostir

- 28 leikir
- Bestu liðin leika 4 sinnum gegn hvort öðru
- Fleiri “stórir” leikir
- Aukin umfjöllun fjölmiðla
- Mjög sterk 10 liða 1. deild þar sem flest liðin hafa reynslu af úrvalsdeild
- Mun sterkari 2. deild

Gallar

- Ekki úrslitakeppni
- Hætta á að deildinni “verði lokið” um áramót ef eitt lið stingur af
- Aðeins tveir áttakapuntar – Íslandsmeistarar og fallið.
- Erfitt fyrir “smærri” staði að ná liði inn í deildina
- 4 leikir 1 gegn 8 og 2 gegn 7 verða etv ekki áhugaverðir
- staðan í dag

Úrvalsdeild

UMFG, Keflavík, Haukar, KR, Njarðvík, UMFT, ÍR og Hamar félli.

1. deild

Snæfell (fer upp) Breiðablik, Valur, Skallagrímur, KFÍ, Þór Þorlh. Ármann Þróttur, Reynir S., Fjölnir, Höttur (félli)

2. deild

Þór ak (fer upp) Stjarnan, ÍS og Selfoss/Laugdælir bætast við í 2. deildina.

8 liða deild – tveir riðlar styrkleikaskiptir – x 4 inn í riðil og x 2 út í hinn

Kostir

- 20 leikdagar
- Leikjum fækkar um tvo
- Höldum úrslitakeppninni
- Fjölgum áttakpunktum í 5
- Fleiri “stórir” leikir
- Sterk 1. deild
- Sterkari 2. deild

Gallar

- Erfitt fyrir “smærri” staði að ná inn í deildina
- A2 og A3 hafa leikið 4 leiki gegn hvort öðru áður en kemur að úrslitakeppni

4 lið fara í úrslitakeppnina, A1 gegn B2 og A2 gegn A3.

10 liða deild – tvöföld umferð – 18 leikdagar.

Kostir

- Mótið stýttist um a.m.k. einn mánuð
- Fækkar “ójöfnum” leikjum

Gallar

- Of lítil breyting
- Skapar ekki væntingar um betri deild
- Of fáir leikir
- Hefur ekki á sér sóknarblæ
- Átakapunktur aðeins 3 eins og áður

10 liða deild – tveir riðlar styrkleikaskiptir – x 4 umf. inn í riðil og x 2 út í hinn –

Kostir

- Nýtt kerfi – hefur reynst vel í Svíþjóð
- Veruleg breyting – Poppar upp deildina
- Skapar jákvæðar væntingar – sóknarblær
- Fleiri jafnari leikir = meiri spennu 16 leikir innan riðla 10 leikir milli riðla
- Fleiri áhorfendur
- Aukin umfjöllun fjölmiðla
- 5 átakapunktur
 - Deildarmeistarar
 - 5. sæti A-riðils. Liðið kemst ekki í úrslitakeppnina og leikur í B-riðli næsta ár
 - 1. sæti í B-riðli. Liðið kemst í úrslitakeppnina og leikur í A-riðli næsta ár
 - 2. sæti í B-riðli. Liðið kemst í úrslitakeppnina
 - 4. og 5. sæti í B-riðli. Fallsætin í 1. deild.
- “Stóru liðin fá fleiri leiki sín á milli án þess að fækka liðum um of í deildinni
- Jafnari leikir – betri leikir – betri leikmenn – betra landslið
- Sterkari og betri 1. deild
- Betri 2. deild, meiri barátta um sæti í 1. deild

Gallar

- Gæti verið túlkað sem tvær deildir
- Leikjum fjölgar um fjóra frá núverandi kerfi
- Lið sitja hjá í hverri umferð
- 30 umferðir til að leika 26 leiki
- Lið í A-riðli getur ekki fallið úr deildinni, tekur tvö ár
- A1 og A2 sitja hjá í 1. umf. úrslitakeppninnar.

12 liða deild – tveir riðlar styrkleikaskiptir – x 4 inn í riðil og x 2 út í hinn

Kostir

- Veruleg breyting
- Skapar jákvæðar væntingar – sóknarblær
- Fleiri jafnari leikir = meiri spenna
- Fleiri áhorfendur
- Aukin umfjöllun fjölmiðla
- 5 átakapunktur
- “Stóru” liðin fá fleiri leiki sín á milli án þess að fækka liðum um of í deildinni
- Jafnari leikir – betri leikir – betri leikmenn – betra landslið

Gallar

- Gæti verið túlkað sem tvær deildir
- Leikjum fjölgar um tíu frá núverandi kerfi – verða 32
- 32 umferðir þarf til að leika deildina
- Keppnistímabilið lengist - getum rekist á fótboltann
- Lið í A-riðli getur ekki fallið úr deildinni, tekur tvö ár
- Sleppum Kjörísbikar

10 liða deild – tvöföld umferð – 18 leikdagar.

Kostir

- Mótið stýttist um a.m.k. einn mánuð
- Fækkar “ójöfnum” leikjum

Gallar

- Of lítil breyting
- Skapar ekki væntingar um betri deild
- Of fáir leikir
- Hefur ekki á sér sóknarblæ
- Átakapunktur aðeins 3 eins og áður

10 liða deild – tveir riðlar styrkleikaskiptir – x 4 umf. inn í riðil og x 2 út í hinn –

Kostir

- Nýtt kerfi – hefur reynst vel í Svíþjóð
- Veruleg breyting – Poppar upp deildina
- Skapar jákvæðar væntingar – sóknarblær
- Fleiri jafnari leikir = meiri spenna 16 leikir innan riðla 10 leikir milli riðla
- Fleiri áhorfendur
- Aukin umfjöllun fjölmiðla
- 5 átakapunktur
 - Deildarmeistarar
 - 5. sæti A-riðils. Liðið kemst ekki í úrslitakeppnina og leikur í B-riðli næsta ár
 - 1. sæti í B-riðli. Liðið kemst í úrslitakeppnina og leikur í A-riðli næsta ár
 - 2. sæti í B-riðli. Liðið kemst í úrslitakeppnina
 - 4. og 5. sæti í B-riðli. Fallsætin í 1. deild.
- “Stóru liðin fá fleiri leiki sín á milli án þess að fækka liðum um of í deildinni
- Jafnari leikir – betri leikir – betri leikmenn – betra landslið
- Sterkari og betri 1. deild
- Betri 2. deild, meiri barátta um sæti í 1. deild

Gallar

- Gæti verið túlkað sem tvær deildir
- Leikjum fjölgar um fjóra frá núverandi kerfi
- Lið sitja hjá í hverri umferð
- 30 umferðir til að leika 26 leiki
- Lið í A-riðli getur ekki fallið úr deildinni, tekur tvö ár
- A1 og A2 sitja hjá í 1. umf. úrslitakeppninnar.

12 liða deild – tveir riðlar styrkleikaskiptir – x 4 inn í riðil og x 2 út í hinn

Kostir

- Veruleg breyting
- Skapar jákvæðar væntingar – sóknarblær
- Fleiri jafnari leikir = meiri spenna
- Fleiri áhorfendur
- Aukin umfjöllun fjölmiðla
- 5 átakapunktur
- “Stóru” liðin fá fleiri leiki sín á milli án þess að fækka liðum um of í deildinni
- Jafnari leikir – betri leikir – betri leikmenn – betra landslið

Gallar

- Gæti verið túlkað sem tvær deildir
- Leikjum fjölgar um tíu frá núverandi kerfi – verða 32
- 32 umferðir þarf til að leika deildina
- Keppnistímabilið lengist - getum rekist á fótboltann
- Lið í A-riðli getur ekki fallið úr deildinni, tekur tvö ár
- Sleppum Kjörísbikar

Mismunandi útfærsla á úrslitakeppni

Úrslitakeppni 6 lið taka þátt A1 og A2 sitja hjá í fyrstu umferð A3-B2 og A4-B1

- Forsenda fyrir fjölgun áttakpunkta
- Deildarkeppnin skiptir meira máli
- 8 lið í úrslitakeppninni gefur til kynna að deildarkeppnin sé óþörf

4 lið í úrslitakeppni - A1 gegn B1 og A2 gegn A3

- Úrslitakeppni minnkar
- Leikjum fækkar – umfjöllun minnkar
- A2 og A3 hafa leikið 4 leiki í deildinni fyrir úrslitakeppnina
- Sanngirni gagnvart A4

8 lið í úrslitakeppni – A1, A2, A3, A4, A5 og B1, B2, og B3

- Úrslitakeppnin verður jafnstór og áður – leikjafjöldi helst sá sami
- Engin skil milli þess að fara í úrslitakeppni og þess að falla
- Öll liðin í A-riðli komast í úrslitakeppnina sem gerir deildarkeppni þar lítt spennandi og í hugum sumra óþarfa
- Áttakpunktum deildarinnar fækkar

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 20

Fjárhagsáætlun KKÍ árið 2003

TEKJUR

Framlög og styrkir	9.300.000
Tekjur af leikjum	6.200.000
Auglýsingatekjur	7.300.000
Landsliðin	6.000.000
Fræðslu og útbreiðslustarfsemi	1.000.000
Aðrar tekjur	4.000.000
Vaxtatekjur	900.000
Samtals	34.700.000

GJÖLD

Yfirstjórn	11.300.000
Þjálfun og kennsla	3.000.000
Íþróttaleg viðskipti	12.000.000
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	2.000.000
Rekstur mannvirkja	700.000
Önnur gjöld	2.500.000
Afskriftir	500.000
Vaxtagjöld	2.000.000
Samtals	34.000.000

Stjórn KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Sjá þingskjal nr. 20 b.

Drög að
REGLUGERÐ DÓMARANEFNDAR KKÍ
um körfuknattleiksdómara

1. gr. Skipun dómara í flokka

Körfuknattleiksdómurum skal skipað í þrjá flokka eftir kunnáttu og reynslu: Unglingadómara, Meistaraflokksdómara og Úrvalsdómara. Dómaranefnd KKÍ tekur ákvörðun um tilfærslu dómara milli flokka.

2. gr. Unglingadómarar

Dómarar í þessum flokki hafa rétt til að dæma leiki í 2. deild og yngri flokkum sem raðað er á af KKÍ.

2.1 Til þess að hljóta réttindi sem unglingadómari þarf dómaraefnið að verða 16 ára á almanaksárinu og hafa sótt og staðist dómaranámskeið á vegum Dómaranefndar KKÍ.

2.2 Dómaranefnd KKÍ getur afturkallað réttindi unglingadómara hvenær sem er telji hún ástæðu til að ætla að hann sé ekki hlutverki sínu vaxinn.

2.3 Unglingadómarar skulu skila a.m.k. 10 störfum hverju keppnistímabili.

3. gr. Meistaraflokksdómarar

Meistaraflokksdómurum er skipt í tvo flokka B-1 og B-2.

B - 1

Dómarar í þessum flokki hafa rétt til að dæma alla leiki hvar sem er á landinu nema:

1. Leiki í úrvalsdeild karla.

2. Meistarakeppni KKÍ.

3. Frá 4 liða úrslitum í fyrirtækjabikar KKÍ.

4. Leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 4 liða úrslitum (aðalkeppni) og úrslitaleik bikarkeppni meistaraflokks kvenna.

B-1 dómarar skulu skila a.m.k. 20 störfum á hverju keppnistímabili.

B - 2

Dómarar í þessum flokki hafa rétt til að dæma alla leiki hvar sem er á landinu nema:

1. Leiki í úrvalsdeild karla.

2. Meistarakeppni KKÍ.

3. Frá 16 liða úrslitum í fyrirtækjabikar KKÍ.

4. Leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 16 liða úrslitum (aðalkeppni) og bikarkeppni meistaraflokks kvenna (frá og með 8 liða úrslitum).

5. Frá 4ra liða úrslitum í úrslitakeppni 1. deildar karla og kvenna.

B-2 dómarar skulu skila a.m.k. 20 störfum á hverju keppnistímabili

3.1 Dómaranefnd KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá töluliðum eitt til fimm þegar ástæða þykir til, s.s. þegar um prófleiki til úrvalsdómara er að ræða.

3.2 Meistaraflokksdómarar skulu mæta á haustþing körfuknattleiksdómara og í þau þrekpróf sem dómaranefnd boðar til.

3.3 Meistaraflokksdómari getur hver sá orðið, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði: (Uppfylla þarf eitt af þremur í A auk B og C)

- A 1) Að hafa starfað sem unglingadómari A undangengið ár og skilað a.m.k. 20 störfum, eða
- 2) að vera virkur unglingadómari A og hafa starfað sem slíkur í a.m.k. tvö ár, eða
- 3) að vera orðinn 20 ára að aldri og hafa leikið í meistaraflokki karla eða kvenna í deildarkeppni og
- B að hafa sótt dómaranámskeið á vegum Dómaranefndar KKÍ og
- C að hafa staðist skriflegt próf og þrekpróf að loknu námskeiði.

3.4 Dómaranefnd KKÍ skipar prófnefnd og útbýr prófverkefni. Meistaraflokksdómari þarf að fá í það minnsta 8 í einkunn af 10 mögulegum til að standast skriflegt próf.

4. gr. Úrvalsdómarar

Úrvalsdómurum er skipt í þrjá flokka, A-1, A-2 og A-3.:

A - 1

Í þessum flokki skulu vera þeir úrvalsdómarar sem hafa viðurkennd FIBA réttindi auk þeirra sem Dómaranefnd KKÍ ákveður árlega. A-1 dómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á vegum KKÍ auk landsleikja heima og erlendis.

A-1 dómarar skulu að lágmarki hafa dæmt 5 ár í úrvalsdeild eða 75 leiki þar.

A-1 dómarar skulu vinna að minnsta kosti 30 störf á keppnistímabilinu.

A - 2

Í þessum flokki skulu vera þeir úrvalsdómarar sem Dómaranefnd KKÍ ákveður árlega.

A-2 dómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á vegum KKÍ nema:

Frá og með fjögurra liða úrslitum í úrvalsdeild karla og úrslitaleiki í bikarkeppni meistaraflokks karla og kvenna.

A-2 dómarar skulu vinna að minnsta kosti 30 störf á keppnistímabilinu.

A - 3

Í þessum flokki skulu úrvalsdómarar vera a.m.k. fyrsta árið sitt í úrvalshópi.

A-3 dómarar hafa réttindi til að dæma alla leiki á vegum KKÍ nema:

Frá og með átta liða úrslitum í úrvalsdeild karla og undanúrslit og úrslitaleiki í bikarkeppni meistaraflokks karla og kvenna.

A-3 dómarar skulu vinna að minnsta kosti 30 störf á keppnistímabilinu.

4.1 Úrvalsdómarar (A-3) geta þeir einir orðið sem Dómaranefnd ákveður að gefa kost á að þreyta úrvalsdómarapróf. Dómaranefnd getur, eftir því sem við á, leitað ábendinga um vænlega úrvalsdeildardómara.

Úrvalsdómaraefni skal hafa verið Meistaraflokksdómaraí sl. 2 ár, hafa dæmt a.m.k. 30 leiki sl. 2 ár og gangast undir og standast bæði skriflegt próf og þrekpróf og sanna hæfni sína í verki með því að dæma einn leik að viðstöddum aðilum úr prófnefnd.

4.2 Úrvalsdómarar skulu mæta á haustþing körfuknattleiksdómara og í þau þrekpróf sem dómaranefnd boðar til.

5. gr Þrekpróf / skriflegt próf

Úrvals- og meistaraflokksdómarar skulu standast þrekpróf og skriflegt próf sem lagt er fyrir á haustfundi körfuknattleiksdómara. Dómaranefnd er heimilt að hafa fleiri

skrifleg próf ef þurfa þykir. Til að standast skriflegt próf þarf dómari að fá a.m.k. 8 í einkunn af 10 mögulegum.

Þrekpróf skulu vera að lágmarki 4 á keppnistímabilinu. Dómaranefnd er heimilt að halda fleiri þrekpróf ef þurfa þykir. Framkvæmd þrekprófa skal vera í samræmi við þrekpróf FIBA á hverjum tíma.

5.1 Hlaupi dómari af stað í þrekprófi lýsir hann því yfir að hann sé tilbúinn til að taka prófið.

5.2 Úrvalsdómari skal ekki dæma í efstu deild karla nema hann standist þrekpróf. Meistaraflokksdómari skal ekki dæma í næst efstu deild karla eða efstu deild kvenna nema hann standist þrekpróf.

5.3 Undantekningu frá grein 5.2 má gera ef viðkomandi dómari hefur staðist síðustu þrjú þrekpróf á undan því sem hann féll á. Undantekning þessi gildir þó ekki um þrekpróf á haustþingi.

5.4 Dómarar dæma ekki í úrslitakeppnum nema að hafa staðist þrekpróf sem haldið er fyrir þær.

5.5 Falli dómari tvisvar í röð á þrekprófi fellur hann niður á milli flokka, þ.e. úr A-1 í A-2, A-2 í A-3, A-3 í B-1 og B-1 í B-2. Dómari getur þó aðeins fallið einu sinni milli flokka á hverjum vetri.

6. gr. Skýrslur um störf

Dómarar skulu halda skrá um dæmda leiki sína á hverju keppnistímabili og senda til Dómaranefndar KKÍ, fyrir 1. maí ár hvert. Dómaranefnd KKÍ skal senda dómurum eyðublöð undir skýrslur þessar.

7. gr. Réttindi

Aðeins dómarar með gild réttindi skulu dæma leiki í tveimur efstu deildum karla og efstu deild kvenna. Stefnt skal að því að aðeins dómarar með gild réttindi dæmi aðra leiki er fram fara á vegum aðila innan KKÍ.

8. gr. Mætingar í leiki / Mistök

Mæti dómari ekki í leik sem honum hefur verið raðað á, verði honum á alvarleg mistök í starfi, eða gerist sekur um ámælisverða framkomu, hefur Dómaranefnd KKÍ vald til að svipta hann réttindum að nokkru eða öllu leyti, fella hann milli flokka eða sekta hann, sekt skal ekki vera hærri en sem nemur launum fyrir leik í efstu deild karla. Ef um meint mistök í starfi er að ræða skal liggja fyrir skriflegt álit Dómaranefndar KKÍ. Jafnan skal dómaranum gefinn kostur á að koma fram athugasemdum áður en úrskurður er felldur. Úrskurði Dómaranefndar KKÍ um ámælisverða framkomu getur dómari áfrýjað til dómstóls KKÍ.

9. gr. Aðgengi að leikjum

Virkir dómarar skulu hafa ókeypiss aðgang að öllum körfuknattleiksleikjum á vegum KKÍ hvar sem er á landinu enda beri þeir dómaraskírteini útgefið af Dómaranefnd KKÍ. Úrvalsdómarar skulu fá aðgangsskírteini er gildir fyrir tvo. Skírteinið endurnýjast árlega.

10. gr. Ferðakostnaður

Verði dómari vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika að vera í burtu frá sínu heimahéraði á virkum vinnudegi skal hann eiga rétt á greiðslu frá þeim aðila er stendur fyrir leiknum. Gjaldskrá skal staðfest árlega af Dómaranefnd KÍ.

11. gr. Fæðispeningar

Dómari sem ferðast út fyrir sitt heimahérað skal fá greiddar ferðir, fæðispeninga og gistingu, ef nauðsyn krefur. Fyrir notkun á eigin bíl skal dómara greitt ákveðið gjald á hvern ekinn km. Gjaldskrá skal staðfest árlega af Dómaranefnd KÍ.

12. gr. Kennarar í körfuknattleiksdómarafræðum

Til þess að dómari geti orðið kennari í körfuknattleiksdómarafræðum þarf hann að hafa hlotið til þess menntun og reynslu sem viðurkennd er af Dómaranefnd KÍ og staðfest af stjórn KÍ.

12. gr. Eftirlitsdómarar

Til þess að dómari geti orðið eftirlitsdómari þarf viðkomandi að hafa dæmt í a.m.k. 5 ár í efstu deild karla á Íslandi og/eða hlotið til þess menntun sem viðurkennd er af Dómaranefnd KÍ.

29. apríl 2003.

Dreift sem drögum til skoðunar,
Dómaranefnd KÍ

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 20 b

Fjárhagsáætlun KKÍ árið 2003

TEKJUR

Framlög og styrkir	9.300.000
Tekjur af leikjum	6.200.000
Auglýsingatekjur	7.300.000
Landsliðin	6.000.000
Fræðslu og útbreiðslustarfsemi	1.000.000
Aðrar tekjur	4.000.000
Vaxtatekjur	1.200.000
Samtals	35.000.000

GJÖLD

Yfirstjórn	11.300.000
Þjálfun og kennsla	3.000.000
Íþróttaleg viðskipti	12.000.000
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	2.000.000
Rekstur mannvirkja	700.000
Önnur gjöld	2.500.000
Afskriftir	500.000
Vaxtagjöld	2.000.000
Samtals	34.000.000

Fjárhagsnefnd KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 7 b

Breyting á 45. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Við bætist.

Stjórn KKÍ er heimilt að innheimta gjald, kr. 10.000,- af þeim félögum sem komast í bikarúrslit í yngri flokkum, svokallað bikarúrslitagjald, enda verði þeim peningum varið til að gera umgjörð bikarúrslitaleikjanna sem glæsilegasta.

Komi eitthvert félag fleiri liðum en þremur í bikarúrslit yngri flokka, mun KKÍ greiða bikarúrslitagjald fyrir öll lið umfram þrjú.

Fjárhagsnefnd KKÍ

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 2 b

Regla 5 15. grein

Við bætist sér íslenskt ákvæði: Ekki skal stöðva leikklukku í fyrstu þrem leikhlutum minniboltans. Í 4. leikhluta skal stöðva leikklukku ~~í samræmi við alþjóðlegar körfuknattleiksreglur í minnibolta.~~ *síðustu tvær mínúturnar í samræmi við körfuknattleiksreglur í minnibolta.*

Greinargerð.

Nokkrar húsreglur hafa verið í gangi með hvenær skuli stöðva tímann og hvenær ekki. Alþjóðlegar reglur gera ráð fyrir að klukka sé stöðvuð í öllum leikhlutunum. Þá yrði leikurinn jafnlangur og í mfl. karla og kvenna og er það ekki talið æskilegt. Á Íslandi hefur klukkan verið stöðvuð stundum síðustu tvær mín, stundum ekki neitt osfrv. Því er gerð tillaga um að stöðva klukkuna eingöngu í 4. leikhluta.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

X Samþykkt óbreytt Samþykkt með breytingum Felld

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 8 b

Reglugerð um fyrirtækjabikar KKÍ

Lagt er til að breyting verði gerð á leikstað í undanúrslitum og í úrslitum.

Greinin breytist frá þingskjali 8 og hljóði svo:

Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":

Leikið er á hlutlausum velli, einn leik í hverju tilfalli. Allir leikirnir skulu leiknir á sama stað. Leikið skal í Laugardalshöll, nema ef samhljóðandi ósk berist um annan leikstað frá öllum fjórum félögunum. Íþróttahöllinni í Laugardal nema þau lið sem keppa til úrslita komi sér saman um annað í samráði við mótanefnd.

Undanúrslitaleikirnir fara fram samdægurs og sigurvegarar þeirra leika til úrslita daginn eftir. Að jafnaði skulu leikirnir fara fram á laugardegi og sunnudegi.

Greinin breytist og hljóði svo:

Undanúrslit og úrslit - "Hin fjögur fræknu":

Mótanefnd skal ákveða hverju sinni hvar undanúrslitaleikir og úrslitaleikur skuli fara fram. Hverju félagi sem þátt tekur í keppninni er heimilt að senda inn umsókn um að halda undanúrslitin og úrslitin á sínum heimavelli. Umsóknir skulu berast til mótanefndar fyrir fyrstu umferð keppinnar ár hvert.

Greinargerð: Erfitt hefur verið að fá hús við hæfi fyrir úrslitaleikina. Höllin hefur verið dýr og oft ekki á lausu. Undanfarin ár hefur ekki verið leikið í Höllinni. Erfitt er að fá hlutlausan völl þar sem sveitarfélög og félagslið eru ekki spennt fyrir að láta húsið sitt heila helgi til að utanaðkomandi lið geti leikið í úrslitum.

Ef hinsvegar félög sækja um að halda keppnina, og taka þá sénsinn hvort þau eru þar eða ekki, þá er búið að festa húsið tímanlega og ekki koma upp vandamál við framkvæmdina.

Tekjuskipting "hinna fjögurra fræknu":

Greinin hljóðar svo

Tekjur af miðasölu

Um leið og ljóst er hvaða félög leika í undanúrslitum fær hvert þeirra til sölu 500 miða á undanúrslitin og 500 miða á úrslitin. Tekjur renna óskiptar til félagsins sem selur miðana. Félögin skulu skila óseldum miðum eigi síðar en á hádegi þann dag sem undanúrslitin fara fram. Tekjur af miðasölu á leikstað og gjöld vegna leikjanna skiptast jafnt á milli félaganna fjögurra.

Þegar undanúrslitum lýkur hefst sameiginleg miðasala á úrslitaleikinn. Tekjur af þeirri

~~miðasölu og gjöld vegna leiksins skiptast jafnt á milli félaganna tveggja sem þar taka þátt.~~

Greinin breytist frá þingskjali 8 og hljóði svo

Tekjur af miðasölu

Tekjur af miðasölu í undanúrslitum renna til félaganna fjögurra sem taka þátt í þeim og skiptast jafnt á milli þeirra. Kostnaður vegna þessara leikja skiptist jafnt á milli liðanna.

Tekjur af miðasölu í úrslitum renna til félaganna tveggja sem taka þátt í honum. Kostnaður vegna leiksins skiptist jafnt á milli liðanna.

~~Tekjur af veitingasölu rennur til þess félags sem heldur leikina.~~

Heimilt er að selja miða í forsölu komi félögin sér saman um það.

Greinargerð.

Til að fá félög til að halda úrslitakeppnina er nauðsynlegt að þau hafi einhverja tekjumöguleika út úr því. Tekjur af veitingasölu geta orðið umtalsverðar sé vel staðið að málum og því eftirsóknarvert að halda mótið.

Breyting er gerð vegna forsölmála. Algengt er að félög taki sig saman og hafi ekki forsölu enda telja félögin hana ekki svara kostnaði. Það er því ekki gert að skyldu að hafa forsölu en félögum er það heimilt kjósi þau svo.

Við greinina bætist:

Mótanefnd skal halda fyrirtækjakeppni í mfl. kvenna fáist til þess nægilegur fjöldi liða að mati nefndarinnar. Mótanefnd skal útfæra keppnifyrirkomulag, leikstað ofl. sem við kemur fyrirtækjabíkar kvenna hverju sinni.

Greinargerð

Fyrirtækjabíkar kvenna hefur nú verið haldinn í þrjú skipti án þess að til hafi verið reglugerð um hann. Úr því er bætt hér með.

Ástæða þess að ekki er sett niður í smáatriðum hvernig leika skal keppnina er sú að þátttökufjöldi liða er breytilegur á hverjum tíma og því verður að vera sveigjanleiki fyrir mótanefnd til að skipuleggja mótið miðað við aðstæður hverju sinni.

Mótanefnd skal miða við að halda mótið skrái sig 6 lið eða fleiri.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 9 b

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

31. grein

DRENGJAFLOKKUR

Aldur: 17 og 18 ára.

Leiktími: ~~2 x 18 mínútur og 5 mínútna leikhlé í hálfleik~~ 4 x 9 10 mínútur, 1 mínúta milli leikhluta 1 og 2 og 3 og 4 og 5 mínútur í hálfleik. Heimilt er að taka eitt leikhlé í hverjum af fyrstu þremur leikhlutunum og tvö leikhlé í fjórða leikhluta.

Að öðru leyti óbreytt.

Greinargerð:

Yfirstrikaði textinn fellur út og skáletraði textinn kemur í staðinn (miðað við þingskjal nr. 9). Einhverjir þessara drengja sem spila í Drengjaflokki spila líka með B-/C-liðum síns félags í annari deildinni, þar sem leiknar eru 4 x 10 mínútur. Með þessu er verið að færa leikina nær því sem þeir eiga eftir að kynnast í nánustu framtíð þegar þeir færast upp í M.fl. Ekki er heldur hægt að bera fyrir skýringar varðandi tímaþröng fjölíðamóta. Reglur um fjölda leikhléa í yngri flokkum hefur verið á reiki og nauðsynlegt að koma því í fast form.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 12 b

Breyting á reglugerð um körfuknattleiksmót

8. grein

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirrita dómara skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal í samráði við dómara leiks koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir).

~~Í efstu deild karla og kvenna úrvalsdeild karla, 1. deild karla og kvenna og 2. deild kvenna~~ skal heimalið senda allar tölfraeðiupplýsingar á tölvutæku formi um mótald til KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 klst. eftir að leik ~~h~~lykur.

Yfirstrikaði og skáletraði textinn fellur út frá þingskjali 12. Að öðru leyti óbreytt

Greinargerð:

3. Það er viðtekin venja í dag að annar dómari kappleiks taki frumrit leikskýrslu og komi því til KKÍ. Með þessari breytingu er verið að færa reglugerðina nær raunveruleikanum.
4. Tölfraeðiupplýsingar eru gríðarlega mikilvægar hreyfingunni, þar sem þær upplýsingar sem þar er að finna segja áhugamönnum mikið til um hvernig viðkomandi leikur var. Einnig er það ekki sjálfgefið að bestu leikmenn landsins (Friðrik Stefánsson t.d.) spili allan sinn feril í efstu deild og því gætu myndast óþarfa göt í tölfraeðiupplýsingum ákveðinna leikmanna ef þessu er haldið óbreyttu.

Laganefnd

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 4 b

Breytingartillaga við þingskjal nr. 4

23. grein

1. DEILD KVENNA

1. deild kvenna skal skipuð 7 liðum. Önnur lið leika í 2. deild. Leika skal þrefalda umferð, heima og heiman og skv. töfluröð í 3ju umferð. Neðsta lið 1. deildar fellur í 2. deild og tekur efsta lið 2. deildar sæti þess. Að aflokinni deildarkeppni skal það félag sem lendir í efsta sæti hljóta deildarmeistaratitil og fá farand- og eignarbikar.

Síðan skal leikin úrslitakeppni með þátttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í þremur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna.

Um leikstaði í úrslitakeppninni gilda þær reglur að liðin sem hafa lent ofar í deildarkeppninni fái fyrsta- og ef með þarf þriðja leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild kvenna fær það lið fyrsta- og ef með þarf þriðja leik á heimavelli sem lenti ofar í í deildarkeppninni.

Um tekjuskiptingu í úrslitum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti. Heimalið ber allan kostnað vegna dómara (komi til oddaleiks). Allur annar útlagður kostnaður sem liðin verða fyrir greiða þau sjálf.

Um fjölgun liða haustið 2003

Þegar að loknu þingi KKÍ í maí, 2003 og formlegri afgreiðslu þessara tillagna mun KKÍ bjóða liðum að taka sæti í 1. deild 2002-2003 skv. eftirfarandi:

- 4) Lið sem féll úr 1. deild 2002-2003
- 5) Liðið sem varð í 2. sæti í 2. deild 2002-2003
- 6) Liðið sem varð í 3. sæti í 2. deild 2002-2003 .. og s. frv.

24. grein

II. DEILD KVENNA

Í 2. deild kvenna skulu þau lið leika sem ekki leika í 1. deild. mótanefnd KKÍ skal ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau. Félögum er heimilt að senda B lið til keppni í 2. deild.

Það félag sem sigrar í 2. deild kvenna hlýtur sæmdarheitið "Íslandsmeistari" og leikur ásamt liðinu í 2. sæti til úrslita um sæti í fyrstudeild að ári.

F.h. ÍBH
Sverrir Hjörleifsson

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Felld

Þing KKÍ haldið í Stykkishólmi 3. og 4. maí 2003

Þingskjal nr. 18 b

Breytingartillaga við þingskjal nr. 18.

Árþing KKÍ 2003 samþykkir að fela stjórn KKÍ að útfæra nánar og með bindandi hætti fyrir félög í úrvalsdeild karla reglugerð um þátttöku í úrvarsleild karla. Reglugerðin í endanlegri mynd skal tilbúin eigi síðar en 1. júlí 2003

F.h. Alsherjarnefndar

Vísað til: Fjárhagsnefndar Allsherjarnefndar Laganefndar Annað

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fellt

2

Handwritten text along the left margin, possibly bleed-through from the reverse side of the page.